

VANDÆ PARHÚS Í SALAHVERFI

Heitur pottur í skjólsælum garði

Fasteignablaðið
allt í MIÐJU BLAÐSINS



NYLON-STÚLKURNAR

Fóru beint í 29. sætið

Innrásin í Bretlandi hefst með látum
FÓLK 24



RAGNAR BJARNASON

Syngur dúett með Elly Vilhjálms

Notaði gamla upptöku fyrir nýtt lag
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júlí 2006 — 190. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Zidane og Grettir

„Zidane lék ætíð með ólundarsvip, líkt og hann bæri innra með sér einhverja ægilega reiði út í lífið og tilveruna. Og samt var hann bestur. Hinn þunglyndi snillingur,“ skrifar Hallgrímur Helgason.

Í DAG 16



Mýrin frumsýnd í október

Verið er að klippa Mýrina á Hofsósi og lofar leikstjórinn, Baltasar Kormákur, spennandi útkomu.

FÓLK 22

L.UNG.A hefst í dag

Listahátíð ungs fólks á Austurlandi fer af stað í dag og stendur fram á sunnudag. Ungt fólk getur tekið þátt í ýmsum listasmíðjum og á laugardaginn verða stórtónleikar með mörgum landsþekktum hljómsveitum.

TÍMAMÓT 18


Valsmenn stöðvuðu FH

Valur varð í gær fyrsta liðið til að leggja Íslandsmeistara FH að velli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu. Valsmenn unnu leik liðanna í Kaplakrika í gær 2-1.

ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



VIÐA BJART VEÐUR - Í dag verður hæg breytileg átt. Viða hálfskýjað eða léttskýjað, síst þó við suðaustur- og austurströndina þar sem búast má við lítillsháttar súld með ströndum. Hiti víðast 10-16 stig.



HARÐNANDI ÁTÖK Líbönsk fjölskylda fylgist með sjeik Hassan Nasrallah, leiðtoga Hizbollah, flytja ræðu í sjónvarpi í gær. Fyrir utan má sjá ummerki um árásir Ísraela á Beirút. Nasrallah sagði liðsmenn sína tilbúna í átök og stríðið vera rétt að byrja.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sex Íslendingar enn í Beirút

Árásir Ísraela á Líbanon fara harðnandi og flýr fólk nú landið. Sex Íslendingar voru skildir eftir í Beirút í gær, þegar rútur fluttu um 200 Norðmenn til Sýrlands. Utanríkisráðherra hyggst senda flugvél til Sýrlands í dag.

LÍBANON Sex Íslendingar sem freistuðu þess í gær að komast með rútum á vegum norskra yfirvalda frá Beirút í Líbanon til Sýrlands fengu ekki sæti og þurftu frá að hverfa. Fjögurra manna íslensk fjölskylda fékk að fara um borð í eina rútuna en hinum sex, þremur flugvirkjum og fjölskyldu með fjögurra mánaða barn, var vísað frá þrátt fyrir loforð norskra yfirvalda um að Íslendingar og Norðmenn fengu jafnan forgang í rúturnar. Ellefu Íslendingar voru í Líbanon þegar átökin hófust í seinustu viku og eru nú sex eftir, en einn þeirra sem komust úr landi fór til Sýrlands á eigin vegum.

Már Þórarinnsson, einn íslensku flugvirkjanna, segir þá vera komna aftur upp á hótélherbergi og þar hefjist biðstaðan á ný. „Við komum þarna snemma til að vera öruggir með sæti, en þá var okkur sagt að Norðmenn gengju fyrir í rúturnar. Nú tekur við óvissa, okkur hefur verið sagt að það sé mjög erfitt að komast í rútur úr landinu,“ segir hann.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu, segir að reynt verði að koma Íslendingunum í rútur á vegum finnskra yfirvalda í dag. „Okkur var sagt að Norðmenn og Íslendingar fengu sama forgang, en svo

var ekki. Hins vegar vil ég taka fram að norsk yfirvöld ábyrgðust aldrei að Íslendingarnir kæmust með í þessari ferð. Það fara fleiri rútur á morgun og við ætlum að reyna að koma Íslendingunum okkar í þær,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra tók í gær ákvörðun um að senda flugvél til Damaskus í Sýrlandi til að flytja þaðan Norðurlandabúa sem eru á flótta frá Líbanon. Vélin tekur 446 í sæti og leggur af stað seinnipartinn í dag. Áð sögn Péturs mun vélin fljúga með fólkið til Kaupmannahafnar og er gert ráð fyrir að hún lendi

þar milli átta og níu á þriðjudagsmorgun.

„Við vonumst til að Íslendingarnir komist með þessari vél, en hún er framlag Íslands í samstarfi Norðurlandanna um brottflutning á Norðurlandabúum. Það er ljóst að það komast miklu færri en vilja í flugvélinu en ég reikna með að sætum verði úthlutað til þeirra þjóða sem eru með í samstarfinu og þær ákveði síðan hverjir það verða sem fara.“ Hann sagðist ekki geta gefið upp hvernig hlutfallið á úthlutun sæta í vélinu verði, en búast má við að sex flugsæti verði merkt Íslendingum.

sps / sjá síðu 2

Fjögur fíkniefnamál tengd sjö Litháum hér á landi á átján mánuðum:

Amfetamínslóð til Litháens

FÍKNIENFI Fjögur fíkniefnamál tengd sjö Litháum hafa komið upp hér á landi undanfarna átján mánuði. Ef tolla- og lögregluyfirvöld hefðu ekki náð að grípa inn í, má telja líklegt að á fimmta tug kílóa af amfetamíni hefðu borist hér inn á eiturfjarmarkaðinn.

Að sögn Valtýs Sigurðssonar, forstjóra Fangelismálastofnunar, hafa aldrei fleiri menn setið inni frá einu og sama landinu. Auk sjömenninganna situr Tomas Malakauskas, einn hinna dæmdu í líkfundarmálinu svokallaða, á Litla-Hrauni.

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir menn hér á landi, þar á meðal nokkra Litháa búsetta hér, vera í sambandi við fíkniefna-





SÝSLUMAÐURINN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Jóhann R. Benediktsson segist hafa varað við aukinni ásókn Litháa hingað til lands.

sala í Litháen sem selji þeim efni og útvegi þar að auki burðardýr til að flytja efnin hingað til lands.

Hann segir lögreglu hafa vitneskju um að menn stundi amfetamínframleiðslu hér á landi. Tveir Litháar hafa verið stoppaðir með fljótandi amfetamínbasu í fórum sínum undanfarið og var einn Lithái, búsettur hérlandis, handtekinn í tengslum við annað málið. Hátt verð á gramminu laðar Litháana hingað, að sögn Harðar.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, segist hafa varað við aukinni ásókn Litháa hingað til lands á sínum tíma. Hann segir menn hér á landi, með tengsl við Litháen, stunda innflutning, sölu, dreifingu og í einhverjum tilfellum framleiðslu á amfetamíni.

- æpe / sjá síðu 14





SPURNING DAGSINS

Sturla, ert þú guðfaðir FH-mafíunnar?

„Nei, það held ég ekki. Það er miklu frekar Árni Karlsson sem er guðfaðir mafíunnar.“

Sturla Jónsson er rekstrarstjóri nýs veitinga- staðar í Hafnarfirði sem ber nafnið Bada Bing eftir stríppbúllu Tonys Soprano úr The Sopranos. FH-mafían, stuðningsmannaklúbbur FH, venur komur sínar á staðinn.

Afgreiðslukona til aðstoðar:

Skráði bílnúm- er ræningjans

LÖGREGLUMÁL Lögreglan átti ekki í miklum vandræðum með að ná manni sem er grunaður um inn- brot eftir að hún fékk upplýsingar frá snjallri afgreiðslukonu. Konan kom að ræningjanum þar sem hann var að taka peninga úr afgreiðslukassa í verslun þar sem hún var að afgreiða við Fiskislóð. Hún reyndi í fyrstu að hindra manninn í því að stela peningun- um en hann ýtti við henni og sló til hennar með krepptum hnefa.

Afgreiðslukonan gafst þó ekki upp og elti manninn út þar sem hún sá hann keyra í burtu á bíl. Tók hún niður bílnúmerið og afhenti lögreglu ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum. Lögregl- an handtók þann grunaða þremur stundum síðar og færði hann á lögreglustöð til yfirheyrslu. - at



BYGGING SPRENGD Björgunarstarfsemi í rústum húss sem Ísraelar sprengdu í loft upp í Gazaborg á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árás Ísraela á Palestínu:

Skotárásir halda áfram

GAZA-SVÆÐIÐ, AP Ísraelar héldu áfram árásum sínum á Gaza- ströndina í gær og réðust meðal annars aftur inn í norðurhluta svæðisins. Í eldflaugarárásum þeirra og skotbardögum við vopnaða Palestínumenn fórust sex Pal- estínubúar, þar af einn óbreyttur borgari. Meðal hinna sem lágu sárir eftir voru eitt barn og tveir blaðamenn, annar palestínskur og hinn japanskur.

Ísraelsher réðst inn á Gaza- svæðið eftir að palestínskir víga- menn tóku ísraelskan hermann höndum í lok júní og fóru fram á fangaskipti við Ísrael. Ísraelar féllust ekki á það og hefur herinn síðan haldið uppi stöðugum árásum á Palestínu. - smk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Líkamsárás við Mótél Venus Flytja þurfti mann á sjúkrahús í Reykjavík eftir líkamsárás á Mótél Venus í Borgarfirði. Ekki er vitað um líðan mannsins en að sögn lögreglunnar í Borgarnesi blæddi honum mikið og því var ákveðið að flytja hann til Reykjavíkur á sjúkrahús.

Norður-Kórea um ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna:

Ætla ekki að hætta tilraunum

SUDUR-KÓREA, AP Norður-Kóreu- menn ætla ekki að hætta tilraun- um sínum með langdrægar eld- flaugar, þrátt fyrir ákvörðun Öryggisráðs Sameinuðu þjóð- anna um refsiaðgerðir gegn þeim.

Ekki liðu nema 45 mínútur frá því að Öryggisráðið samþykkti ályktun sína á laugardagskvöld, þar til norðurkóresk stjórnvöld sendu frá sér opinbera yfirlýs- ingu sem hafnaði því algerlega að þau myndu hætta eldflauga- prófunum sínum. Jafnframt sögðu þau ályktunina vera und- anfara endurvakins Kóreustríðs. Öryggisráðið mun nú setja

takmarkað viðskiptabann á Norð- ur-Kóreu, en því er ætlað að koma í veg fyrir að Norður-Kóreumenn geti keypt þau efni sem notuð eru til að smíða eldflaugar.

Kínverjar og Rússar komu í veg fyrir að í ályktunina væri sett ákvæði um að beita mætti vopnavaldi til að tryggja að bann- inu yrði fylgt.

Í byrjun júlí skutu Norður- Kóreumenn sjö langdrægum eld- flaugum, en sú öflugasta þeirra er talin geta náð til Alaska. Til- raunaskotin öllu miklum áhyggj- um meðal stjórnvalda annarra landa, ekki síst í Asíu.

- smk



SPRENGJUEFTIRLÍKINGAR Ferðamaður skoðar eftirlíkingar af eldflaugum Norður- Kóreumanna á safni í Suður-Kóreu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FLUGUMFERÐARSTJÓRAR AÐ STÖRFUM Formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra segir félagsdóm hafa gefið Flugmálastjórn frjálsar hendur til að ráðstafa vinnutíma þeirra. Andrúmsloft meðal starfsmanna hafi versnað til muna eftir að reglunum var breytt.

Yfirmenn sagðir stjórna með valdboði

Flugumferðarstjórar skora á samgönguráðherra að afnema núverandi vakta- kerfi þeirra. Þeir segja yfirmenn Flugmálastjórnar stjórna með valdboði og eitra andrúmsloft á vinnustaðnum. Flugmálastjórn svarar ekki ásökununum.

KJARAMÁL Félag íslenskra flugum- ferðarstjóra hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra að afnema núverandi vaktakerfi í flugstjórnarmiðstöðinni. Í álykt- uninni eru yfirmenn Flugmála- stjórnar sakaðir um að „ganga hart fram í að rjúfa friðinn, stjórna með valdboði og eitra þannig and- rúmsloft á vinnustaðnum.“ Álykt- unin var samþykkt á félagsfundi þann 10. júlí.

Félagið fór í mál við ríkið eftir að Flugumferðarstjórn breytti vaktaskipulagi starfsmanna Flug- stjórnarmiðstöðvarinnar í Reykja- vík án samráðs við starfsmenn og, að sögn félagsins, þvert á ákvæði í kjarasamningum sem sagði að vaktavinnustarfsmenn ættu rétt á tveimur samfelldum frídögum í hverri viku.

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að samfelldur frídag- ur gæti hafist hvenær sem er sól- arhringsins, sem félagið segir aðra túlkun á hugtakinu en var við lýði þegar samningarnir voru gerðir.

„Það hefur ekkert breyst í okkar afstöðu til málsins þó við höfum tapað því fyrir félagsdómi, þetta er jafn slæmt kerfi að okkar mati,“ segir Loftur. „Það sem í rauninni hefur gerst er að öll okkar vinnutímamál eru í upp- námi. Félagsdómur er að gefa Flugmálastjórn algjörlega frjáls- ar hendur til að ráðstafa okkar vinnutíma þar sem eru engin tak- mörk önnur en þau að menn fái vikulega 48 stunda frí sem getur byrjað hvenær sem er sól- arhrings- ins. Við getum ekkert annað gert en að hlíta lögum en lögfræðingur

okkar eru að skoða aðrar lagaleg- ar hliðar á málinu.“

Hann segir andrúmsloft á vinnustaðnum hafa versnað mikið. „Það er álag á menn að vera beittir valdi þó það sé löglegt; að okkar mati er valdbeiting alltaf siðlaus. Allt líf manna er í uppnámi ef þeir geta ekki stólað á það hvernig þeir eigi að skila sínum vinnutíma.“

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar, vildi ekki svara þeim ásökunum Félags íslenskra flugumferðar- stjóra á hendur Flugmálastjórn sem koma fram í ályktuninni. Hún segir eðlilegra að samgönguráðuneytið gefi álit sitt á bréfinu þar sem því sé beint til samgönguráðherra.

Ekki náðist í Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra vegna málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

salvar@frettabladid.is

Ekki náðist samkomulag í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé:

Fólk flýr Líbanon í hrönnum

LÍBANON, AP Átökin héldu áfram í Líbanon í gær og fórust minnst 23 manns í þeim. Þar af voru átta kanadískir ríkisborgarar sem voru í sumarfríi í Líbanon. Loftárásir Ísraela í Líbanon hafa nú banað yfir 120 manns á fimm dögum og sært hundruð manna. Flest fórnar- lömbin eru óbreyttir borgarar og meðal þeirra eru fjölmörg börn.

Liðsmenn Hizbollah vörpuðu sprengjum á ísraelsku borgina Haifa í gær, með þeim afleiðing- um að átta manns fórust, en nú hafa tólf óbreyttir ísraelskir borg- arar farist í árásum Hizbollah og tólf hermenn. Ísraelar sögðu sprengjurnar hafa komið frá Sýr- landi, en stjórnvöld þar hafa hótad hörðum viðbrögðum, ráðist Ísrael- ar á landið.



ÍSRAELAR SKJÓTA Ísraelskir hermenn skjóta eldflaugum á Líbanon.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árásir Ísraela hófust á mið- vikudag eftir að liðsmenn Hiz- bollah tóku tvo ísraelska hermenn höndum og kröfðust fangaskipta við Ísrael, sem ísraelsk yfirvöld höfnuðu.

Ekki náðist samkomulag í

Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um að kalla til vopnahlés milli Ísraela og Hizbollah, eins og for- sætisráðherra Líbanons hefur beðið um, og saka Líbanar Banda- ríkjamenn um að hindra að tillag- an verði samþykkt.

Leiðtogar stórvelda heims, sem funduðu í Pétursborg í Rússlandi í gær, sendu frá sér ályktun, þar sem þeir kenna öfgamönnum um að hefja árásirnar, en hvöttu Ísra- ela til að hætta öllum hernaðarað- gerðum í Líbanon og á Gaza-svæð- inu.

Hundruð Evrópubúa flúðu Líb- anon í gær, bæði landleiðis og sjó- leiðis, en landleiðin þykir afar ótrygg því Ísraelar hafa varpað sprengjum á vegakerfi landsins.

- smk

Lögreglan snör í snúningum:

Handtekinn á 15 mínútum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hafði hendur í hári manns sem grunað- ur er um að hafa rænt verslun Krónunnar í Mosfellsbæ, einungis korteri eftir að talið er að maður- inn hafi framið glæpin.

Maður kom inn í verslunina með trefil fyrir andlitinu, ógnaði afgreiðslustúlku með hnifi og hafði á brott með sér talsvert fé. Korterí síðar var sá grunaði hand- tekinn á gangi ekki langt frá, vopn- aður hnífi. Tæpri klukkustund síðar voru fimm meintir vitorðs- menn hans handteknir í heimahúsi í nágrenninu.

Yfirheyrslu yfir mönnunum verður fram haldið í dag.

- at

Bílveltur við Borgarnes:

Vindurinn velti tveimur bílum

LÖGREGLUMÁL Snarpar vindhviður feykту tveimur bílum út af vegin- um í nágrenni við Borgarnes um helgina. Fyrri bílveltan var við Álftatunguafleggjara á Snæfells- vegi og var ökumaður ásamt þrem- ur farþegum í bílnum. Voru farþegarnir fluttir undir læknis- hendur eftir slysið en reyndust ekki vera alvarlega meiddir.

Stuttu síðar valt seinni bíllinn við Þjófaklökk undir Hafnarfjalli. Ein kona var í bílnum en hún slas- aðist ekki. Konan hafði samband við Fréttablaðið í gær og bað um að komið yrði á framfæri þökkum til þeirra sem aðstoðuðu hana eftir óhappið.

- at

Bílvelta í Ísafjarðardjúpi:

Ungur öku- maður veltir bíl

LÖGREGLUMÁL Bílbelti björguðu því að ekki fór verr þegar bíll valt af veginum í Mjóafirði í Ísafjarðar- djúpi. Fernt var í bílnum þegar óhappið átt sér stað um kvöldmat- arleytið á laugardaginn. Kom fól- kið sér sjálft út úr bílnum og kallaði á aðstoð eftir að bíllinn hafði farið eina veltu af veginum.

Ökumaður bílsins er nýlega kominn með bílpróf og missti stjórn á bílnum á malarkafila sem er á veginum í Mjóafirði. Farþeg- arnir voru einnig ungir að árum en gleymdu ekki að hafa beltin spennt og sluppi því allir ómeiddir.

- at

Bílslysið við Varmahlíð:

Stúlkan komin til meðvitundar

BÍLSLYS Stúlkan sem slasaðist lífs- hættulega í bílslysi við Varmahlíð í Skagafirði á dögnum er komin til meðvitundar að sögn læknis á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Stúlkan er enn þungt haldin en ástand hennar er stöðugt að sögn lækna. Hún er enn í öndunarvél.

- æpe

Afskiptum lögreglu tekið illa:

Lögregla bitin í Grindavík

LÖGREGLA Lögreglumaður í Grinda- vík var bitin af öikumanni snemma í gærmorgun. Var maðurinn stöðvað- ur vegna gruns um ölvunarakstur en tók svo illa í afskipti lögreglunnar að hann læsti tönnunum í einn lögreglumanninn. Ökumaðurinn var handtekinn í kjölfarið og færð- ur á lögreglustöðina í Keflavík.

Samkvæmt upplýsingum frá lög- reglunni í Keflavík var bitið ekki svo alvarlegt að lögregluþjónninn þyrfti sérstakrar meðferðar við. Alengt er að lögreglumenn fái smá skrámur við handtökur og alls ekki í fyrsta sinn sem ósáttir einstakl- ingar bíta lögreglumenn sem hafa af þeim afskipti.

- at

Fremstur



HVÍTA HÚSÍÐ / SÍA - 4053

KIA Rio varð nýlega hlutskarpastur í flokki stærri smábíla í samanburðarrannsókn **J.D. Power** fyrir árið 2006. Athugunin er afar umfangsmikil og tekur til 217 atriða á borð við aksturseiginleika, vélarafl og gæði gírbúnaðar.

Þessi niðurstaða staðfestir yfirburði KIA Rio í sínum stærðarflokki. Verðið tekur síðan af öll tvímæli: Þú gerir ekki betri kaup en KIA Rio. Komdu í reynsluakstur og staðfestu niðurstöðu J.D. Power.

Kia Rio er fáanlegur bæði með bensín- og dísilvélum. Tíu loftpúðar tryggja ökumanni og farþegum hámarksöryggi.

Verð frá 1.648.000 kr.

Á öllum KIA bílum er 3 ára ábyrgð.



KIA MOTORS



KIA **umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 14.7.2006			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur	74,68	75,04
	Sterlingspund	137,57	138,23
	Evra	94,59	95,11
	Dönsk króna	12,679	12,753
	Norsk króna	11,96	12,03
	Sænsk króna	10,274	10,334
	Japanskt jen	0,6444	0,6482
SDR		110,21	110,87
Gengisvísitala krónunnar			
130,9663			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



LANGFERÐABÍLL Þessi rúta á eflaust þátt í að yngja upp langferðabíla landsins.

Langferðabílar yngjast:

Rúturnar yngri en fyrir 6 árum

SAMGÖNGUR Meðalaldur langferðabíla á landinu hefur lækkað úr tæpum þrettán árum í rúm tíu frá árinu 2000. Þetta er meðal þess sem fram kemur í frétt frá Samgönguráðuneytinu.

Langferðabílum hefur á sama tíma fjölgað úr 1.673 í 1.906, en árið 1940 voru 137 slíkir bílar á landinu. Langflestir bílanna eru skráðir á höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega 1.100, en næstflestir á Suðurlandi, eða 175.

Barnarán í Belgíu:

Drengurinn fannst á lífi

BELGÍA, AP Lögreglan í Belgíu handtók í gær 21 árs gamlan mann fyrir mannrán og ofbeldi gegn níu ára gömlum dreng. Drengurinn fannst keflaður og bundinn á höndum og fótum á engi skammt fyrir utan Verviers, þar sem hann býr, á laugardag, en þá hafði verið leitað að honum í sólarhring.

Engin merki voru um kynferðislega misnotkun, að sögn lögreglu.

Mikil leit var gerð að drengnum enda ekki langt síðan tvær stjúpsystur voru teknar og myrtar í nágrannabæ. Einn maður hefur verið handtekinn vegna þess máls, en enginn hefur verið ákærður fyrir morðin, og óttast Belgar því að morðinginn gangi ennþá laus.

- smk

4

FRÉTTABLAÐIÐ

17. júlí 2006 MÁNUDAGUR

Meirihlutinn í borgarstjórn er ósáttur við það hvernig ákvarðanir eru teknar hjá Strætó Bs.:

Farið fram á stjórnsýsluúttekt á Strætó

STRÆTÓ „Ein ástæðan er sú að við viljum að ferli ákvarðana hjá fyrirtækinu fari meira í gegnum borgina. Hin ástæðan er sú að nú eru sex ár frá stofnun Strætó Bs. og í eigendasamkomulaginu kemur fram að úttekt eigi að fara fram á fyrirtækinu eftir fimm ár,“ segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar hjá Strætó Bs.

Breytingar á þjónustu Strætó Bs. hafa verið gagnrýndar undanfarið og talað um að verið sé að



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

um að allar breytingar fari til umfjöllunar hjá borginni en ekki ákveðnar á fundi,“ segir Þorbjörg Helga.

skerða þjónustuna við borgarbúa. Þorbjörg Helga segir óánægjuna sprottna meðal annars vegna þess að borgin sé ekki höfð með í ráðum þegar ákvarðanir eins og þessar eru teknar. „Okkur finnst svolítið skrítið að greiða sjötíu prósent af fjármagninu inn í fyrirtækið og hafa ekki mikið vægi á ákvarðanatöku. Við vilj-

Þorbjörg Helga segir aðkomu borgarinnar að undirbúningi á leiðarkerfinu sem tekið var í notkun fyrir nokkru síðan, hafa verið afar takmarkaða. Leiðarkerfið sé umdeilt og hlutverk þess þurfi að skilgreina upp á nýtt. „Við höfum ekki verið sammála því að kerfið stíli inn á að fá fólk í vagnana sem nú þegar eigi bíl, heldur á kerfið fyrst og fremst að sinna sem best þeim sem þurfa að taka strætó,“ segir Þorbjörg Helga.

Aðspurð um hvort það kæmi til greina að draga Reykjavíkurborg út úr byggðasamlaginu sem rekur Strætó Bs. vildi Þorbjörg Helga ekki gefa neitt uppi um það. - æpe



STRÆTÓ Reykjavíkurborg hefur farið fram á að stjórnsýsluleg úttekt verði gerð á Strætó Bs. Borgin vill taka aukinn þátt í ákvörðunum fyrirtækisins.

Vinstri græn segja skýrsluna illa unna

Skýrsla um matvælaverð er umdeild. Afnám verndartolla gæti haft áhrif á samningsstöðu Íslands innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að sögn varaformanns landbúnaðarnefndar. Illa unnin skýrsla segja Vinstri græn.

MATVÆLAVERÐ Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra og varaformaður landbúnaðarnefndar, segir að álit nefndarinnar verði að skoða í samhengi við viðræður innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

„Það hafa verið viðræður í gangi í mörg ár innan stofnunarinnar varðandi ýmis alheimsviðskipti, þar á meðal landbúnaðarvörur og ég held að við verðum að skoða þetta í samhengi, meðal annars vegna samningsstöðu Íslands í þeim viðræðum,“ segir Magnús.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, segir skýrsluna illa unna. „Það er vissulega mikilvægt að kanna hvað geti lækkað matarverð hér á landi. Hins vegar finnst okkur nefndin taka alltof þröngt á þessu máli, hún skoðar ekkert hvaða áhrif fákeppni og einokun hér á matvæla- markaði og dýr flutningur hér inn- lands hefur á matvælaverð,“ segir Jón. Hann segir mikilvægt að styðja við landbúnað hérlandis ef verndartollar verða afnumdir. „Áður en

ad tollunum verði



MATARKARFA Mismunandi skoðanir eru á skýrslu nefndar forsætisráðherra um matvæla- verð hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

breytt verði komið annað kerfi í gang sem styðji við matvælaframleiðslu og byggð í sveitum landsins“, segir Jón.

Vinstri græn eru alfarið á móti því að tollar verði lækkaðir á óhollustuvörum eins og gosdrykkjum, kexi og öðru slíku. „Við teljum að tollar og skattar séu ein af tækjum stjórnvalda til að stýra neyslu fólks,“ segir Jón.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, er fylgjandi því að tollavernd á innfluttri búvöru verði afnumin, en að farið verði varlega. „Það er skynsamlegt að lækka tolla- verndina í áföngum og í samvinnu við hagsmunaaðila,“ segir

Guðjón Arnar. Hann fagnar því að þessi umræða sé farin af stað og vill að málinu verði haldið til streitu. „Mér sýnast meginlínurnar vera í lagi og nú þarf bara að komast að niðurstöðu og gera eitthvað skynsamlegt í þessum málum.“

Frjálslyndi flokkurinn er á sömu línu og Vinstri hreyfingin - grænt framboð varðandi tolla á vörum sem eru óhollar. „Ég sé enga þörf á að lækka tolla á óhollustuvörum, við framleiðum nóg af þeim sjálf. Við viljum að vörur sem tengjast venjulegum þörfum fjölskyldunnar fái lækkunina frekar,“ segir Guðjón Arnar.

aegir@frettabladid.is



NÓG AF ÁSTTIL AÐ GEFA Ástarganga var gengin eftir þriggja ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ástargangan aftur eftir þrjú ár:

Ástin blómstrar í Berlín

ÞÝSKALAND, AP Ástargangan svo- kallaða fór fram í Berlín um helgina eftir þriggja ára hlé. Þúsundir manna, allt frá vöðvatröllum upp í bíkiniklæddar meyjrar, tóku þátt í hátíðarhöldunum.

Ástargangan var fyrst farin í friðarskyni árið 1989 en þróadist smám saman í núverandi mynd. Hún gat af sér eftirmyndir víðs vegar um heim og náði hámarki árið 1999 þegar 1,5 milljónir manns sóttu hana. Skipuleggjendur göngunnar í Berlín voru tilneyddir til að aflýsa henni á árunum 2004-2005 vegna fjárhagsörðugleika. - rve

Hvalfjarðargöng:

Ásetningsbrot nást á mynd

UMFERÐ Sex sinnum á stuttum tíma hafa bílar með of háan farm reynt að fara um Hvalfjarðargöng.

Að sögn Marínós Tryggvasonar, öryggisfulltrúa Spalar, er ótrúlegt að atvinnubílstjórar hafi ekki grun um hvers konar farm þeir eru með. Því sé ljóst að hluti bílstjóranna sem rekast með farm sinn upp í öryggisslár séu sekir um ásetningsbrot.

„Við sjáum í myndavélunum þegar menn eru að hægja á sér og reyna að sleppa en reka sig svo í.“ - at

BÍLL DAGSINS

JEEP GRAND CHEROKEE

Nýskr 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 4 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð 4.590.000,-

50.000kr. af bensini fylgja öllum notuðum bílum

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÞÁÐ ER AÐ KOMA SUMAR !


Jæja - skyldi það vera að gerast að sumarið sé að koma. Gangi spár eftir eru horfur á blíðskaparveðri víða um land og nú einnig á landinu vestanverðu. Og var kominn tími til. Það er reyndar dálítill óvissa með lægð sem kemur upp að landinu á morgun. Staðsetning og þróun hennar skiptir miklu. En eins staðan er nú bendir allt til að sólin leiki stórt hlutverk í byrjun þessarar viku með hlýindum og hægum vindi. Flott það.

VEÐURHORFUR Í BORGinni

Hægðir. Hálskýjað eða léttskýjað. Hlýtt í veðri.

VEÐURSPÁ


um hádegis »



um hádegis »


Kaupmannahöfn	24°C	léttskýjað	London	30°C	léttskýjað
Billund	22°C	léttskýjað	Paris	30°C	léttskýjað
Oslo	24°C	léttskýjað	Frankfurt	30°C	léttskýjað
Stokkhólmur	24°C	léttskýjað	Friedrichshafen	23°C	léttskýjað
Gautaborg	21°C	léttskýjað	Berlín	28°C	léttskýjað

» á morgun



Austan 5-8 m/s.

» miðvikudagur



Hæg austlæg eða breytileg átt.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Njóttu þess að vera **frjáls**



SIENSKA AUGLUSINGASTOFNAN.SIA.IS TOY 31402 07/2006

Land Crusier. Tákn um frelsi

Land Cruiser sameinar hörku og mýkt, orku og lipurð, áræðni, munað og fullkominn tæknibúnað. Fyrsta flokks innrétting tryggir þægilegan og ánægjulegan akstur. Fáguð og viðbragðsfljót V6 VVT-i benínsvélin ber þig hvert sem leið liggur og það er stórkostlegt að sitja undir stýri.

Í Land Cruiser er fjölbreytilegur hátæknibúnaður sem eykur öryggi og þægindi í akstri. Þar má nefna t.d. tölvustýrða fjöðrun, TEMS, og ABS-hemlakerfi með EBD sem beinir hemlunarkrafti á milli hjóla eftir þunga ökutækisins og álagi á hemla, tvo tveggja þrepa SRS loftpúða, hliðarloftpúða og þriggja punkta öryggisbelti við öll sæti.

Verð frá **4.820.000.** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



KJÖRKASSINN

Finnst þér dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi vönduð?

Já	23%
Nei	77%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að hækka bílprófsaldurinn í 18 ár?

Segðu skoðun þína á Vísí.is



Gorbatsjev harðorður:

Segir Banda-ríkin ráðrík

RÚSSLAND, AP Mikhaíl Gorbatsjev, fyrrverandi forseti Sovétríkjanna sálugu, hefur varað við því að



MIKHAÍL GORBATSJEV

samband Rússlands og Bandaríkjanna sé komið á suðupunkt. Hann kennir Bandaríkjunum um þessa þróun og segir stjórnvöld hafa misnotað aðstöðu sína sem mesta stórveldi heims í kjölfar falls Sovétríkjanna.

„Við erum ekki litli bróðir þeirra,“ segir Gorbatsjev um Bandaríkin. „Þeir reyndu að byggja upp stórveldi og vildu stjórna og ráða yfir öðrum. Það gekk ekki hjá þeim.“ Hann lét ummælin falla fyrir fund G-8 ríkjanna, átta stærstu iðnvelda heims, í Pétursborg.

- sgl

Rithöfundur svaf meðan þjófar brutust inn í íbúð hans og stálu tölvum:

Drögum að handriti stolið

INNBRÖT Aðfaranótt sunnudags varð rithöfundurinn og blaðamaðurinn Þorgrímur Gestsson fyrir því óláni að brotist var inn heima hjá honum að Austurgötu 17 í Hafnarfirði og tveimur tölvum ásamt ADSL-tengingu stolið. Í annarri tölvunni eru drög að bók sem Þorgrímur er vinna að og átti að koma út í haust.

„Efnið byggir á 13,5 klukkustunda löngum samtölum við Guðrúnu Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka,“ segir Þorgrímur og bætir við að tjónið sé ómetanlegt vegna innihaldsins, sem engin afrit eru til af.

Glæpurinn er enn óhugnanlegri fyrir þá staðreynd að Þorgrímur

svaf á efri hæð hússins á meðan þjófarnir gerðu sér lítið fyrir og létu greipar sópa á þeirri neðri. „Þeir beittu ótrúlegri leikni við að fara inn um dyr niðri og sóttu bastkörfu inn í þvottahús til að nota undir þýfið áður en þeir hurfu á brott,“ segir Þorgrímur.

„Tölvurnar eru raunverulega aukatriði í þessu máli. Efnið skiptir mestu máli og ég yrði þjófunum óendanlega þakklátur ef þeir sýndu þann manndóm að skila því á tölvupósti til mín.

Efnið er geymt í möppu undir heitinu gudrunhalldorsdottir og netfangið mitt er thorg@vortex.is.“

- rve



ÞORGRÍMUR GESTSSON Vonast til að þjófarnir skili drögnum að handritinu.

Þjóðlendumál í héraðsdómi:

Úrskurður felldur úr gildi

SUÐURLAND Eigendur Ytri-Sólheimajarða unnu mál gegn íslenska ríkinu fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Felldur var niður úrskurður óbyggðanefndar frá því í desember 2004 um að landið Hvítmaga í Mýrdalshreppi teldist þjóðlenda.

Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að svæðið væri ekki eignarland samkvæmt heimildum og fordæmum heldur þjóðlenda. Eigendur Ytri-Sólheimajarða mótmæltu þessum úrskurði og vísuðu meðal annars í landnám Loðmundar gamla eins og því er lýst í Landnámu.

- ap

Minjavörður gerði engar athugasemdir við niðurrif

Ef fallið verður frá niðurrifi Alliance-hússins gæti það kostað Reykjavíkurborg hundruð milljóna. Borgarminjavörður skoðaði húsið áður en deiliskipulagið var samþykkt og lagði ekki til að það yrði varðveitt.

HÚSVERND Lóðareigandi Ellingsenreitarins getur líklega krafist skaðabóta ef fallið verður frá niðurrifi Alliance-hússins svokallaða.



MAGNÚS SKÚLASON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins getur hann hugsanlega farið fram á hundruð milljóna króna í bætur.

Deiliskipulag fyrir Ellingsenreitinn var samþykkt árið 2005 í borgarráði Reykjavíkur eftir að hafa verið kynnt borgarbúum. Þar

er gert ráð fyrir að hús sem nú standa á reitnum verði rífin.

Í aðdraganda deiliskipulagsins var það fyrst kynnt almenningi árið 2003 og var þar gert ráð fyrir að hið svokallað Alliancehús, sem stendur á umræddum reit, fengi að standa áfram.

Magnús Skúlason, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar Ríkisins, segir að við frekari vinnslu deiliskipulagsins hafi pressa frá hagsmunaaðilum orðið til þess að fallið var frá fyrirætlunum um varðveislu hússins. Þar sem húsið er ekki byggt fyrir 1918, er ekki skylt að leita álits Húsafriðunarnefndar og því fór þessi breyting framhjá nefndinni, að sögn Magnúsar.

Borgarminjavörður gerði húsakönnun á Alliance-húsinu, fór yfir það og kannaði árið 2003 og gerði engar athugasemdir við að húsið yrði rífið. Deiliskipulag fyrir svæðið, sem gerði ráð fyrir niðurrifi hússins, var svo auglýst og samþykkt, án þess að athugasemdir bærust varðandi það.

Magnús segir það mistök af hálfu borgarminjavarðar að hafa ekki lagst gegn eyðileggingu hússins, en Húsafriðunarnefnd þurfi líka að axla ábyrgð. „Auðvitað hefðum við átt að vera á verði þegar deiliskipulagið var auglýst árið 2005 og sjá að ekki var gert ráð fyrir húsinu lengur,“ segir Magnús. „En við getum ekki fylgst með öllu sem er að gerast á landinu, í öllum sveitarfélögum.“

Ekki náðist í Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur borgarminjavörð, vegna sumarleyfa, en Gerður Róbertsdóttir hjá Minjasafni



ALLIANCE-HÚSIÐ VIÐ MÝRARGÖTU Búast má við skaðabótakröfu upp á milljónir króna ef fallið verður frá niðurrifi hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkur segir að í dag myndi húsið fá aðra meðferð. „Tímarnir breytast svo fljótt, það eru allt aðrir tímar í dag og önnur viðhorf gagnvart húsum þessarar tegundar,“ segir Gerður. „Þegar

húsið var metið, var fyrst og fremst verið að meta húsið út frá byggingalist og byggingasögu en ekki eins mikið verið að hugsa heildarmyndina er varðar atvinnusögu.“

aegir@frettabladid.is

Boðun til hluthafafundar Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. boðar hér með til hluthafafundar í félaginu þann 19. júlí 2006 kl. 14.00 á Nordica Hotel, sal A-B.

Dagskrá

- Tillaga um að leysa alla aðal- og varamenn í stjórn félagsins frá störfum.
- Kosning stjórnar.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 14.00 fimmtudaginn 13. júlí 2006. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka, Borgartúni 25, 7. hæð, Reykjavík fyrir þann tíma.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á sama stað til athugunar fyrir hluthafa frá og með 12. júlí 2006.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 12.00 á fundardegi, miðvikudaginn 19. júlí 2006.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.



Straumur-Burðarás
FJÁRFESTINGABANKI

Bíráðnir þjófar brutust inn í íbúð við Laufásveg:

Stálu niðþungum verkfærum

INNBRÖT Nýlega var brotist inn í kjallara á einbýlishúsi að Laufásvegi í Reykjavík, skáhallt á móti bandaríska sendiráðinu, og verkfærum stolið að andvirði 250.000 krónur. Sigrún Steina Valdimarsdóttir, annar húsráðenda, finnst málið skrítið og gagnrýnir stjórnvöld fyrir að upplýsa almenning ekki betur um skipulagða glæpi.

„Maður hefði ekki trúað því að þjófarnir létu til skarar skríða vegna öryggisgæslunnar við bandaríska sendiráðið, auk þess sem lögreglubíll fer í reglulegar eftirlitsferðir um hverfið,“ segir Sigrún. „Svo eru verkfærin niðþung þannig að þjófarnir neyddust til að flytja þau burt með trillu, sem við áttum í garðinum. Þeir hefðu átt að draga einhverja athygli að sér við þessar kringumstæður.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Sigrún verður fyrir því að brotist er inn til hennar. Í janúar á síðasta ári var innbrot framið á heimili for-



VETTvangur glæpsins Sigrún sýnir hérna hvernig þjófarnir komust inn um kjallaraglugga hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

eldra Sigrúnar í Seljahverfi, á meðan hún og eiginmaður hennar bjuggu þar tímabundið. Tölvu, staf-rænni myndavél, tveimur farsímum og skartgripum var stolið í það sinn.

Sigrúnu finnst lögregla ekki hafa staðið sem skyldi í þessum tilvikum. „Í fyrra skiptið fylgdi hún málinu ekkert eftir og ég er vonlítill um að lausn fáiist í þetta sinn.“

- rve

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI



97 kr.
2stk
Chipsletten flögur
Sour creme



97 kr.
stk.
Detker Pizza
m/pepperoni
m/skinu

Enn lægra verd!



Gæða
Svissneskt
súkkulaði

-Dökkt súkkulaði
-Mjólkursúkkulaði
-Mjólkursúkkulaði m/hnetum



899 kr.
Mars kassi 36 stk.

25 kr. stk.



Virk
Sam-
keppni



97 kr.
stk.
Delon sjampó +
hárnæring 2 í einu



97 kr.
stk.
Aloe vera lotion

Alltaf frábær tilboð alla daga

ÚTSALA Á LÍNUSKAUTUM

Áður 4.995
Nú 2.995

Áður 6.995
Nú 4.995

Áður 9.995
Nú 6.995

Áður 2.995
Nú 1.995

Línuskautar
ABEC 5 legur
Stækanlegir
St.: 27-29, 30-33, 34-36

Línuskautar
ABEC 7 legur
St.: 38-44

Línuskautar
ABEC 7 legur
St.: 37-45

Hjálmur og hlífar
Ólnbogi, úlnliði & hné



FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

Nýja SKÁTABUÐIN
FERÐAVERSLUN
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727

Prír bílar í einum.
2.590.000 kr.



Subaru Forester er mun öflugri en margir stærri jeppar en samt lipur og léttur í akstri líkt og fólksbíll. Forester var valinn dráttarbíll ársins í Hollandi og hentar því vel fyrir fellihýsi og tjaldvagna. Í Rússlandi var hann valinn jepplingur ársins og bíllinn með minnstu bílanatíðnina í Þýskalandi. Á Íslandi er hann ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðnum í dag.

www.subaru.is

Júlípakki: 180.000 kr.

Aukahlutapakki fylgir með í júlí á meðan birgðir endast. Upphækkun, heilsársdekk og 16" álfelgur.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladrif, hiti í speglum, hraðastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framuðu (PLUS), sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stuðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX) og leðurinnrétting (LUX).

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.790.000,-** Forester LUX **3.090.000,-**

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Ópíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00.

Umboðsmenn um land allt

Akureyri 461-2960 Njarðvík 421-8808 Höfn í Hornafirði 478-1990 Reyðarfirði 474-1453

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Mikil flóð í Asú:

Púsundir flýja heimili sín

KÍNA, AP Mikil flóð og vatnsveður í Kína og Suður-Kóreu hafa orðið á annað hundrað manns að bana undanfarna daga.

Hitabeltisstormurinn Bilis, sem geisar í suðausturhluta Kína, hefur banað minnst 115 manns, að sögn kínverskra yfirvalda í gær. Auk þess hafa þúsundir manna neyðst til að flýja heimili sín og fangelsi á svæðinu hafa verið tæmd. Tuga manna er saknað, vegir eru skemmdir og orkuver óstarfhæf vegna veðursins. Allt flug og lestarsamgöngur liggja jafnframt niðri.

Í Suður-Kóreu er mikil ofan-koma, og hafa flóð og aurskriður



KONU BJARGAÐ Kínverskur hermaður bjargar gamalli konu úr þorpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

af hennar völdum valdið dauða minnst þrettán manna, en átján er saknað.

- smk



VINNANDI MENN Niðurstöðurnar byggja á upplýsingum frá fyrirtækjum sem starfa í iðnaði, mannvirkjagerð og byggingarstarfsemi, verslun og viðgerðarþjónustu og samgöngum og flutningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laun á almennum vinnumarkaði árið 2005:

Árslaun hækkuðu um 13 prósent

LAUNAMÁL Árið 2005 voru regluleg mánaðarlaun án yfirvinnu á almennum vinnumarkaði að meðaltali 244 þúsund krónur sem er 10,4 prósent hækking frá fyrra ári. Heildarlaun fyrir fullt starf auk yfirvinnu voru 315 þúsund krónur og hækkuðu um 12,6 prósent. Árslaun voru 4,2 milljónir króna sem er 12,9 prósent hækking. Þetta kemur fram í niðurstöðum launakönnunar Hagstofunnar um meðallaun á almennum vinnumarkaði árið 2005.

Árslaun karla voru 4,5 milljónir króna sem er 12,2 prósent hækking frá fyrra ári. Konur voru með 3,3 milljónir króna í árslaun og hækkuðu þau um 13,9 prósent frá fyrra ári. Hlutfall yfirvinnulauna af árslaunum er 15,7 prósent hjá körlum en 9,5 prósent hjá

konum. Launasamsetning hefur breyst milli ára 2004 og 2005 þar sem hlutfall yfirvinnulauna af árslaunum var 14,7 prósent hjá körlum og 10,4 prósent hjá konum árið 2004.

Í atvinnugreinum voru árslaun hæst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, 4,8 milljónir króna, en lægst í matvæla- og drykkjarvöruíðnaði, 3,7 milljónir króna.

Við samanburð launa eftir störfum kemur fram að árslaun voru hæst hjá stjórnendum, 6,6 milljón krónur, en lægst hjá verkafólki, 3,2 milljón krónur.

Árslaun eru hæst hjá fólki á aldrinum 40 til 49 ára með 4,6 milljón krónur og lægst hjá aldurshópnum 20 til 29 ára með 3,4 milljón krónur.

- sdg

Yfirdráttarlán verða dýrari í takt við stýrivaxtahækkun:

Afborgunin hækkar stöðugt

EFNAHAGSMÁL Miðað við þá vaxtahækkun sem hefur orðið á yfirdráttarlánum frá áramótum kostar það rúmlega 1.000 krónum meira á mánuði að hafa hálfa milljón í yfirdráttarlán á mánuði eða samtals 12.500 krónum meira á ári.

Sigurjón Gunnarsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum, segir að yfirdráttarlánin hafi hækkað um 2,5 prósent hjá Landsbankanum frá áramótum. Búast megi við að vextirnir hafi hækkað svipað hjá hinum bönkunum. Þetta er í takt við hærri stýrivexti.

Afborganir af yfirdráttarlánum nema 106 þúsundum króna á ári miðað við 21,2 prósent vexti, eða rúmlega 8.830 krónur á mán-

KOSTNAÐUR VIÐ 500 ÞÚSUNDA KRÓNA YFIRDÁTT

Vextir	Afborganir á ári	Á mánuði
21,2%	106.000	8.830
22,7%	113.000	9.458

uði af hálfri milljón.

Miðað við dýrustu vextina, sem eru 22,7 prósent í dag, er afborgunin 9.458 krónur á mánuði, eða ríflega 113 þúsund krónur yfir árið.

„Það er góður sparnaður að lækka yfirdráttinn því að fólk sparar sér þá þessa vexti. Menn fá ekki betri ávöxtun. Það er sparnaður að lækka skuldirnar en margir hugsa ekki þannig,“ segir Sigurjón.

- ghs

Vertu viss um að þú sért að fá bestu VEXTINA!*

Morgunblaðið, 13. júlí 2006

BANKAR OG SPARISJÓÐIR								
INNLAÐSVEXTIR	Lands- banki	Glitnir banki	KB Banki	Spari- sjóðir	SPRON	SPV	nb.is	S24
Dags. síðustu breyt.	11/7	11/7	11/7	11/7	21/6	21/6	11/7	11/7
Alm. Sparisjóðsbækur	3,55	4,30	3,60	3,50	6,55	3,10	10,50-12,45	10,50-12,45
Alm. Tékkareikningar	3,50	4,20	3,50	3,45	3,45	3,10	5,80-8,30	10,50-11,90
Sértékkareikningar	3,55	4,35	8,00-11,65	3,55	3,55-10,65	3,15-10,90	5,80-8,30	10,50-11,90
og frá	7,35-9,805	8,35						
Óbundnir sparir. 1)	9,20-12,15	8,10-11,20		6,55-11,65	6,15-11,15	6,15-10,95	10,50-12,45	10,50-12,45

Bestu vextirnir
Bestu vextirnir
Bestu vextirnir
Bestu vextirnir

BANKAR OG SPARISJÓÐIR-NÝ LÁN								
ÚLAÐSVEXTIR	Lands- banki	Glitnir banki	KB Banki	Spari- sjóðir	SPRON	SPV	nb.is	S24
Almenn vixillán 1):	11/7	11/7	11/7	11/7	11/6	21/6	11/7	11/7
Kjörvextir	14,85	15,60	15,50	15,60	15,60	14,85		
Hæstu forvextir	20,10	20,60		20,60	20,60	19,85		
Meðalforvextir 2)	18,35			19,20	18,70	15,50		
Yfirdráttari, fyrirtækja	22,05	22,20	21,60	22,15	16,05-22,15	20,45		
Yfirdráttari, einstakl.	22,70	22,70	22,25	22,15	18,20-22,25	17,95-21,30	17,10-21,50	17,00
p.a. grunnvextir	3,50	5,00	3,00	6,00	6,00	6,00		
Greiðslukortalan:								
Fastir vextir	21,40-22,70	22,55	22,45	22,70	18,86-22,70	18,40-21,70	19,705-21,60	17,85-19,45
Alm. skuldabrlán:								
Kjörvextir	14,70	15,70	15,20	15,65	15,65	14,90	15,60	14,45
Hæstu vextir	19,95	20,70	20,70	21,15	20,70	20,40	21,60	17,55
Meðalvextir 2)	18,20	19,45		19,90	17,62	15,40		
Visitölubundin lán, breytilegir vextir								
Kjörvextir								

Bestu vextirnir
Bestu vextirnir
Bestu vextirnir
Bestu vextirnir


Sæktu um...

www.s24.is



533 2424 – Sætún 1

*Skv. vaxtatöflu sem birtist í Morgunblaðinu 13.júlí 2006 má sjá að S24 er með bestu vextina í þeim vaxtaflokkum sem S24 býður uppá.



Slate vöðlujakki
Tilboð **19.990 kr.**
Verð áður 24.990 kr.

Slate öndunarvöðlur
Tilboð **29.900 kr.**
Verð áður 37.990 kr.

Vangen mittisvöðlur
Tilboð **10.990 kr.**
Verð áður 14.990 kr.



Flugustangasett
Tilboð **21.490 kr.**
Verð áður 24.990 kr.
Lífstíðarábyrgð.

Önnur sett frá 14.700 kr.

ÚTILÍF

1.390.000,- Bílumst!



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



OPEL CORSA 1,2 LIMITED EDITION
EINNIG FÁANLEGUR MEÐ 1,3 LÍTRA DÍSEL VÆL

JÓNSSON & LEWIS • Júlí • SÍ

MÁNAÐARGREIÐSLA **16.999,-*** REKSTRARLEIGA **26.900,-****

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Auto Bild

Samkvæmt gæðakönnun bilatimaritsins Auto Bild árið 2006 eru þeir með mestu gæðin meðal þýskra bíla.

* Bilasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Danskir matarsíðir:

Fleiri Danir fara út að borða

DANMÖRK Danir fara oftar út að borða nú en nokkurn tímann áður, og sannast það í þeirri staðreynd að velta veitingastaða í Danmörku jókst um tæpa tvo milljarða danskra króna á síðasta ári. Þetta kemur fram á fréttasíðu danska blaðsins Politiken.

Þetta þýðir að danska þjóðin fór níu milljón sinnum oftar út að borða í fyrra en árið þar á undan, sem er gríðarmikil aukning því lítil hreyfing hefur verið á veitingahúsamarkaðinum undanfarin ár. Samt sem áður er fjórða hverjum veitingastaði í Kaupmannahöfn lokað aftur áður en ár er liðið frá opnun hans.



MATARINS NOTID Fleiri Danir fara út að borða nú en nokkurn tímann áður.

NORDICPHOTOS/AFP

Greiningin tók til veitingastaða, kaffihúsa, ölkráa og skyndibitastaða.

- smk



JAPANAR KVEÐJA Toshihiro Yamanaka, yfirmaður japanskrar herdeildar í héraðinu Muthanna í Afganistan, tekur í höndina á leiðtoga eins af ættbálkum heimamanna.

FRÉTTABLAÐID/AP

Breskir og ástralskir hermenn farnir frá Muthanna:

Írakar taka við öryggisgæslu

ÍRAK, AP Íraskar öryggissveitir tóku fyrir helgi við öryggisgæslu í einu af héruðum Íraks, Muthanna, sem er fyrsta héraðið í Írak sem afhent er heimamönnum.

Tiltölulega friðsælt hefur verið í Muthanna, en þar búa um 550 þúsund manns, flestir sjálmúslimar. Breskir og ástralskir hermenn hafa séð um öryggisgæslu í héraðinu ásamt sveit japanskra hermanna.

Bresku og áströlsku hermennirnir ætla að vera áfram til taks í næstu héruðum, en japanska hersveitin heldur heim til sín. Japanar eru þessa dagana að draga allt herlið sitt frá Írak.

Nouri Al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hefur sagst vera bjartsýnn á að íraskar öryggisveitir gætu axlað ábyrgð á öllum héruðum landsins innan eins og hálfars. Muthanna-hérað verði aðeins fyrsta skrefið í þá átt.

„Þið getið verið viss um að hryðjuverkamenn vilja eyðileggja og koma í veg fyrir að við tökum öryggismálin í okkar hendur,“ sagði Al-Maliki þegar haldin var afhendingarathöfn í héraðshöfuðborginni Samawah. „Þeir munu einskis láta ófrestað að eyðileggja þetta skref og tryggja að fleiri skref verði ekki tekin í þessa átt.“

- gb

Tvær vændiskonur með HIV handteknar í Gautaborg:

Hundruð karla í kynsjúkdómapróf

SVÍÐJÓÐ Tvær vændiskonur með HIV hafa verið handteknar í Gautaborg grunaðar um mök við hundruð karla án þess að láta þá vita af því að þær væru HIV-jákvæðar. Báðar handtökurnar hafa vakið mikinn ótta í Gautaborg. Karlarnir hafa verið kallaðir í kynsjúkdómapróf.

Yngri vændiskonan var handtekin í byrjun júlí. Talið er að hún tengist mansali og hafi gert út vændiskonur í vændishverfi í Gautaborg. Hún tók einnig á móti viðskiptavinum heima hjá sér, að sögn vefútgáfu Aftonbladet.

Rannsókn lögreglunnar sýnir að konan hafi komið til landsins með fótþótti frá Tansaníu árið

2003. Kvöldið áður en liðið átti að fljúga heim hurfu tvær stúlkur. Árið eftir kom liðið aftur til Svíþjóðar og þá varð James Waore, lífvörður liðsins, var við aðra stúlkuna.

Vændiskonan virtist hafa alist upp sem götubarn, að sögn Expressen, og notað tækifærið til að flýja það líf. „Hún bjó með sænskum, aðeins eldri karlmanni og bauð nokkrum úr liðinu heim,“ segir hann. „Hún var glöð og margir í liðinu voru ófundsjúkir. Þeim fannst flott að umgangast hana.“

Ekki kemur fram hvort eldri vændiskonan, sem hefur verið handtekin, sé hin stúlkun sem hvarf eða einhver önnur.

- ghs



ASUS

TRAUST OG HRAÐVIRK

ASUS A6R-5083H
FARTÖLVA

**TASKA
FYLGI**
LASERMÚS
FYLGI

- Intel Celeron M390 1.7GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 128MB ATI Xpress X200 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS KR. 7.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

VAXTALAUST!

EDA KR. 89.990 STAÐGREITT

FULLT VERÐ KR. 99.990



ASUS A6R-B037H

15.4" WXGA BREIÐSKJÁR
INTEL CELERON M390 ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- Intel Celeron M390 1.7GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 128MB ATI Xpress X200 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 109.990



ASUS A6KM-Q025H

15.4" WXGA BREIÐSKJÁR
AMD SEMPRON 3100+ ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- AMD Sempron 3100+ 1.8GHz örgjörvi
- 512MB DDR 333MHz vinnsluminni
- 60GB 4200rpm harður diskur
- 256MB NVIDIA GeForce Go 7300 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 119.990

**TASKA
FYLGI**
LASERMÚS
FYLGI



ASUS A6JC-Q032B


15.4" WXGA BREIÐSKJÁR
INTEL SINGLE CORE T1300 ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- Intel Yonah Single Core T1300 1.66GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 256MB NVIDIA GeForce Go 7300 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 129.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



ASUS A7D-R002H

17" WXGA BREIÐSKJÁR
AMD TURION64 MT32 64BITA ÖRGJÖRVI
DVD+/- DUAL LAYER SKRIFARI
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

- AMD Turion64 MT32 64bita 1.8GHz örgjörvi
- 512MB DDR 333MHz vinnsluminni
- 80GB 4200rpm harður diskur
- 128MB ATI MOBILITY RADEON X700 skjákort
- 8x DVD+/- RW Dual Layer skrifari
- Þráðlaust net
- Windows XP Home stýrikerfi
- 1.3 MegaPixel vefmyndavél
- ASUS taska og mús fylgir

KYNNINGARVERÐ

AÐEINS ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 159.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Þrustur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Ljósjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupþún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

„ORÐRÉTT“

Karlar sauma líka

„Í fyrra komu til dæmis nokkrir karlmenn til að læra að sauma sér þjóð-búninga.“

HEIÐUR VIGFÚSDÓTTIR, FORMADUR RITNEFNDAR HEIMIL-ISIÐNAÐARFÉLAGS ÍSLANDS, SEGIR FÉLAGIÐ EKKI VERA KVENNAKLÚBB. FRÉTTABLAÐIÐ, 16. JÚLÍ.

Viðkunnanlegir popparar

„Þessi heimur finnst mér hafa verið frekar viðkunnanlegur en hitt.“

KATRÍNA MOGENSEN, SÖNG-KONA HLJÓMSVEITARINNAR MAMMÚT, ER EKKI SAMMÁLA ÞVÍ AÐ ÍSLENSKI TÖNLISTAR-HEIMURINN SÉ HARÐUR. BLAÐ-IÐ, 15. JÚLÍ.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓNÍNA KRISTÍN BERG ÞÓRSNESINGAGOÐI

Hlakkar til að kíkja á Ólafsvökuna

„Ég hef notað tímann undanfarið til að sanka að mér grösum hér í Borgarfirðinum fyrir veturinn, til að setja í te og búa til oliur og krem og annað græðandi og þess háttar,“ segir Jónína K. Berg, Þórsnesingagoði, lithimnufræðingur og arómaþer-apisti. „Það er hægt að greina í augum mann-eskju hvernig ástand líkamans er,“ svarar Jónína aðspurð um hvað felist í lithimnufræðinni. Hún segir fjölskrúðugt plöntulíf að finna í Borg-arfirðinum og að tínslan hafi gengið vel. „Það er árstíðabundið hvenær sumar jurtir eru í vexti. Núna er ég aðallega að tína blágresi, elftingu og blóðberg.“ Jónína er ekki í nokkrum vafa um áhrifamátt náttúrunnar og segir jurtir margra meina bót. „Það er alltaf til góðs að geta nýtt sér fleiri aðferðir til að halda jafnvægi. Eftir því sem aðferðunum fjölgar er líklegra að maður finni jafnvægið,“ segir Jónína.

Fyrir nokkrum dögum gerði Jónína sér ferð

út á Snæfellsnes til að skoða svæðið og upplífa orkuna sem þar er að finna í ríku mæli á viss-um stöðum, að sögn Jónínu. „Þar er mjög sérstök orka og síðan er jarðfræðiflór-an þarna svo ótrúleg. Þar eru ótal sýnishorn af bergtegundum,“ segir Jónína orkubolti.

Á næstu dögum stendur til hjá Jónínu að fara til Færeyja, þaðan sem hún á ættir að rekja. „Ég er hálfur Færeyingur í föðurættina og ég ætla að heimsækja ættingja mína þangað og rífla upp gömul kynni,“ segir Jónína. Ættingjarnir í Færeyjum eru margir að sögn Jónínu og ber hún vistinni þar mjög góða sög-una. „Til Færeyja er alltaf svo gott að koma. Fólkið þar er ótrúlega gestrisið og tekur

svo vel á móti öllum,“ segir Jónína. „Svo hlakka ég mikið til að fara á Ólafsvökuna, en ég hef ekki verið í Færeyjum áður á sama tíma og hún er,“ en helst má líkja Ólafsvöku Færeyinga við verslunarmannahelgina hér á landi.

Ásamt því að skemmta sér í Færeyjum ætlar Jónína að mæla sér mót við fólk sem er áhugasamt um ásatrúna, en hún er einmitt goði fyrir Vesturland. „Ég hef haldið blót árlega á Vesturlandi undanfarið tólf ár sennilega og hafa þau ávallt verið nokkuð vel sótt. En þau hafa verið öllum opin, ekki bara þeim sem eru skráðir í Ásatrúarfélagið,“ segir goðinn.

Jónína ætlar að halda haustblót á haustjafndægnum 23. september næstkomandi og segir að vel verði tekið á móti öllum.



nær og fjær
tilveran

SIJÓNARHÓLL

REYKINGABANN Á VEITINGASTÖÐUM OG ÖLDURHÚSUM

Óparfa forsjárhyggja



ÞÓRARINN EINARSSON EINN REKSTRARAÐILA KAFFI HLJÓMALINDAR

„Við reukum reyklaust kaffihús hér á Kaffi Hljómalind en mér þætti vænt um það að eigendur veitingahúsa gætu ákveðið slíkt sjálfir í stað þess að fá tilskipanir frá ríkisvaldinu,“ segir

Pórarinn Einarsson, einn rekstrar-aðila Kaffi Hljómalindar, aðspurður um hvernig honum lítist á allsherjar reykningabann á veitinga-, kaffi og öld-urhúsum, sem á að taka gildi næsta sumar í Reykjavíkurborg.

„Það þykir að vísu minna arðbært að hafa kaffihúsið sitt reyklaust og skiljanlegt að flestir staðir í þessari atvinnugrein séu nokkuð reykmett-aðir en mér þykir sú forsjárhyggja að banna reykningar alfarið vera röng. Það væri illskárta ef ríkið myndi verðlauna þá staði sem með ein-hverjum hætti stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

Best væri þó að fyrirtæki tækju kaffihús eins og Kaffi Hljómalind sér til fyrirmyndar með því að einblína ekki á það að skila sem mestum gróða, heldur að stuðla að bættu og heilbrigðara samfélagi.“

Laxveiðitölurnar á netinu

Í ár, líkt og undanfarin ár, birtir Landssamband Veiðifélaga viku-legar aflatölur á heimasíðu sinni. Tölurnar eru úr 25 laxveiðiám og eru uppfærðar fyrir hádegi alla fimmtudaga.

„Menn hafa mikinn áhuga á því hvernig veiðin gengur í þeim ám sem eru í uppáhaldi hjá þeim eða sem þeir eru á leiðinni að fara að veiða í. Þeim þykir gott að vita hvenær veiðin byrjaði, á hversu margar stengur verið er að veiða og svo framvegis,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, umsjónarmaður síð-unnar www.angling.is. Þorsteinn segir að veiðimenn sem og veiði-réttareigendur geti notað þessar tölur sér til gagns og gamans.

„Veiðiréttareigendur geta séð hvernig þróunin er í öðrum ám í svipuðum flokki og áttað sig á því hvar þeir standa í samkeppninni,“ segir Þorsteinn.

Tölurnar er að finna til hægri á forsiðu íslensku útgáfu angling.is.



VEITT Í GRÍMSÁ Samkvæmt tölum á angling.is var búið að veiða 164 laxa í Grímsá og Tunguá síðasta fimmtudag.

Hægt er að smella á tengilinn „Meiri upplýsingar“ þar sem skýrt er frá veiðitölum eins og þær voru vikuna á undan og tölur frá sambærilegum degi sumarið áður. Þá er þar einnig að finna upplýsingar um upphafs-dag veiði, stangafjölda í einstökum

ám, lokatölur síðasta árs, sem og meðalveiði síðustu tíu ára.

„Þetta eru upplýsingar sem fólk þarf að hafa aðgang að,“ segir Þorsteinn, sem bætir við að á síð-unni sé einnig að finna mikið af öðrum fróðleik um veiðimál.

SPARAÐU
LENGUR OG
VEXTIRNIR
HÆKKA

Úr ýmsum áttum í Viðey

Fólk frá öllum heimsins hornum lét rigninguna ekki stoppa sig og heimsótti Viðey síðastliðið fimmtudagskvöld. Alþjóðahús fór þá í aðra sumarferðina í ár og slóst Anna Tryggvadóttir í hópinn. Þátttakan var svo góð að Viðeyjarferjan þurfti að fara tvær ferðir til að koma öllum ferðalöngunum yfir sundið.

Ferðalangarnir komu úr ýmsum áttum, jafnvel þótt lítið sé framhjá upprunalöndum þeirra. Í sumarferðinni voru hefðbundnir ferðamenn, brottfluttir Íslendingar, fólk komið til landsins til sumardvalar, aðrir sem hafa verið búsettir hér á landi í nokkur ár, námsmenn, eldri borgarar, börn og allt þar á milli. „Við hjónin komum bara í gær og verðum á Íslandi í viku. Dóttir okkar vinnur í Reykjavík og það var hún sem vissi af ferðinni,“ segir Pierre Detaille, franskur ferðamaður, um ástæður þess að hann slóst í hópinn.

Flestir komu vel búnir í ferðina,

í góðum skóm og hlýjum peysum, enda var þungbúið við upphaf ferðarinnar. Systir Ines frá Perú og systir Jósefína frá Mexíkó, Maríu-systur í Landakoti, voru í góðum kápum en áttu stundum í vandræðum með að hemja höfuðslæðurnar í stærstu hviðunum. „Ég var hérna á Íslandi á árunum 1997 til 1999. Svo þurfti ég að fara aftur til Mexíkó en er komin aftur núna og vona að ég eigi eftir að vera hérna í að minnsta kosti ár í viðbót,“ segir systir Jósefína sem bregður fyrir sig enskuskotinni íslensku. Hún var sýnilega ánægð með ferðinna og brá sér meira að segja á vegasaltið á meðan beðið var eftir að leiðsögn um eyjuna, við tilheyrandi fögnuð þeirra sem til hennar sáu.

Eins og gefur að skilja voru mál-efni nýrra Íslendinga nokkuð til umræðu í ferðinni, enda margir af gestum Alþjóðahússins í þeim hópi. „Íslendingar eru mjög hlýlegir við okkur,“ sögðu vinkonurnar Ellen og Judy sem veittu hvor annarri skjól fyrir rokinu í Viðey með því að ganga þétt saman. Þær segja að Alþjóðahúsið sé góður staður og voru sérstaklega ánægðar með skipulögðu sumarferðirnar.

Gengið var hring austur á eyjuna og nýttu nokkrir nýir Íslend-



HÚFUR OG VETTLINGAR NAUÐSYNLEGIR Þessar kátu konur létu veðrið ekki á sig fá og komu vel búnar í ferðina. Gengið var um Viðey í ferðinni en þurftu göngugarpar að leita skjóls á meðan mesta rigningin reið yfir.

FRÉTTABLAÐID/ANNA TRYGGVADÓTTIR

ingar tækifærið til að skerpa á þekkingu sinni á íslenskri flóru. „Er þetta hundasúra,“ spurði ung kona sem beidi þó ekki svarsins, stakk súrunni upp í sig og gretti



HLUSTAÐ Á LEIÐSÖGN Ferðalangarnir fylgdust vendilega með leiðsögninni og fræddust um sögu Viðeyjar.

sig. Reyndar flúðu ferðalangarnir inn í gamla skólahúsið á Sundabakka um stund til að skýla sér á meðan mesta rigningin gekk yfir. Augljóst var að jafnvel þeir sem einungis kunnu örfá orð í íslensku höfðu tileinkað sér að láta vita þegar veðrið sýnir ekki sínar bestu hliðar. „Æ, það er kalt,“ heyrðist víða þar sem fólk reyndi að hoppa í sig hitann á ný. Þá kom sér vel að vera vel nestaður og fyrir þá sem höfðu ekki hugsað svo langt kom Tassai til bjargar. Hún hafði meðferðis tvö kíló af kleinum, snúðum og kökum úr verksmiðju Ömmubaksturs þar sem hún vinnur.

„Fyrirtækið vissi að ég væri að fara í þessa ferð og lét mig hafa þetta,“ sagði Tassai og brosti út að eyrum, greinilega ánægð með að

hafa komið með nesti sem dugði handa öllum hópnum.

Að göngunni lokinni voru margir blautir í fæturna en ánægðir með ferðina. Í Viðeyjarferjunni á leiðinni heim skiptist fólk svo á að hvetja hvert annað að láta sjá sig á fimmtudaginn kemur þegar farið verður í hvalaskoðun. Að sögn Helgu Ólafs, upplýsingafulltrúa Alþjóðahúss, voru um 160 manns þegar búnir að skrá sig í hvalaskoðunina áður en lagt var af stað í Viðey.

Allir eru velkomnir í ferðirnar, bæði innfæddir og erlendir, en fyrir þá sem ekki komast í þessari viku er hægt að velja úr fjölbreyttri dagskrá sumarferða næstkomandi fimmtudaga á heimasíðu Alþjóðahúss, www.ahus.is. ■



SYSTIR Í SVEIFLU Fáir skemmtu sér jafn konunglega og systir Jósefína frá Mexíkó sem brá sér á vegasaltið.



FJÖLBREYTTUR HÓPUR Fulltrúar þriggja heimsálfa koma saman á þessari mynd, Afríkubúi og Evrópubúi ásamt félögum sínum frá Asíu.

KOSTABÓK

Allt að

11,65%


stighækkandi vextir eftir
lengd binditíma.

Kostabók ber stighækkandi vexti eftir lengd binditíma. Hún hentar vel fyrir þá sem vilja hámarksávöxtun en ætla ekki að leggja fyrir háa fjárhæð. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga en eftir það er hún alltaf laus til úttekta. Hægt er að stofna Kostabók í KB Netbanka.

Kynntu þér Kostabók og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.



Svona erum við
> Íbúafjöldi á Akureyri



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: HIZBOLLAH

Vasast bæði í stjórnmálum og stríði

Libónsku samtökin Hizbollah náðu tveimur ísraelskum hermönnum á sitt vald í síðustu viku. Ísraelski herinn brást hart við og réðst á Líbanon.

Hver er uppruni samtakanna?

Samtökin Hizbollah voru stofnuð í Líbanon árið 1982 gagnert til þess að reka ísraelska herinn út úr Líbanon. Ísraelar höfðu þá nýverið ráðist inn í suðurhluta landsins og í arabaheiminum var almennt lítið á Hizbollah sem andspyrnuhreyfingu sem ætti fullan rétt á sér. Árið 2000 var takmarkinu náð þegar ísraelskir hermenn yfirgáfu landið eftir átján ára hernám og jókst þá hróður Hizbollah til



Hvert er vægi þeirra?

Nafn samtakanna, Hizbollah, þýðir „Flokkur guðs“. „Hizb“ þýðir flokkur og endingin er afbrigði af Allah. Hizbollah er í raun fullgildur stjórnmalaflokkur með veruleg ítök í Líbanon, annar helsti stjórnmalaflokkur sjáa-múslima, sem eru milli 30 og 40 prósent af íbúum landsins. Árið 1992 bauð Hizbollah í fyrsta sinn fram menn í þingskosningum og árið 2005 hlaut flokkurinn 23 þingsæti, eða nærri fimmting allra þingsætanna. Samtökin eiga tvo ráðherra í ríkisstjórn

landsins. Einnig standa þau fyrir umsvifamiklu velferðarstarfi í Líbanon, reka meðal annars skóla og sjúkrahús.

Hvað með hryðjuverkin?

Hizbollah er á skrá Evrópusambandsins, Bandaríkjanna, Bretlands og fleiri ríkja yfir hryðjuverkasamtök. Hinn vopnaði armur samtakanna nefnist Al-Muqawama al-Islamiyya, eða „Íslömsk andspyrna“ og hefur staðið fyrir margvíslegum árásum, bæði á ísraelska hermenn og aðra ísraelska borgara, en einnig á fólk frá Vesturlöndum, meðal annars tekið gísla og sprengt sprengjur á fjölförnum stöðum. Í september árið 2004 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun, þar sem þess var meðal annars krafist að hinn vopnaði armur Hizbollah yrði lagður niður, en af því hefur ekki orðið.

SPURT OG SVARAÐ

FANGELSISMÁL Á ÍSLANDI



VALTÝR SIGURÐSSON, NÝR FORSTJÓRI FANGELSISMÁLASTOFNUNAR

Konur fimm prósent fanga

Hafist verður handa innan tíðar við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði sem mun rúma 64 fanga og leysa af hegningarhúsið við Skólavörðustíg og kvennafangelsið í Kópavogi. Valtýr Sigurðsson er fangelsismálastjóri. **Hvað eru mörg fangelsi á landinu?** Þau eru fimm. Á Akureyri, Kvía-bryggju, Litla-Hrauni, Kópavogi og Reykjavík. **Hvað rúmast margir fangar í fangelsunum?** Það eru um 140 með öllum gæsluvarðahaldsrýmum. Afplánunarfangelsin eru full og í langan tíma hefur verið 95 prósent nýting á fangelsunum. **Hvernig skiptist fangahópurinn?** Um fimm prósent fanga eru konur, en sá hópur hefur reyndar aðeins stækkað á undanförunum árum vegna erlendra kvenfanga. Fangar eru almennt í yngri kantinum, en um 30 prósent eru undir þrítugu. Tæpur helmingur afplánar oftár en einu sinni.

Sex Litháar handteknir hér á landi á átján mánuðum

Undanfarna átján mánuði hafa fjögur fíkniefnamál komið upp, tengd sex mönnum frá Litháen. Með handtöku mannanna var komið í veg fyrir að á fimmta tug kílóa af fíkniefnum færu í sölu hér á landi.

Þær gerast æ háværarí raddirnar í samfélaginu um að litháísk glæpasamtök séu búin að festa rætur í undirheimunum hér á landi.



HÖRÐUR JÓHANNESSON

Síðastliðna átján mánuði hafa fjögur fíkniefnamál varðandi Litháa komið upp og hafa sjö menn verið sviptir frelsinu í kjölfarið. Þeir sitja allir í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni ásamt Litháanum Tomasi Malakauskas, sem dæmdur var fyrir aðild sína að líkfundarmálinu svokallaða, þar sem ungur Lithái, Vaidas Jucevicius, lét lífið eins og frægt er orðið.



LITLA-HRAUN Átta Litháar sitja nú í gæsluvarðhaldi á Hrauninu. Þeir eru um tveir þriðju hlutar erlendra fanga í fangelsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að um einsdæmi sé að ræða, aldrei hafa jafn margir setið inni frá sama landinu. Þessir átta Litháar eru um tveir þriðju hlutar erlendra fanga á Litla-Hrauni.

Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, minnst þess að fyrir nokkrum árum hafi fólk frá Hollandi og Þýskalandi tekið að streyma til landsins með fíkniefni en nú séu það Litháar sem eru mest áberandi.

„Verðið hérna er hátt. Áður fyrr voru menn að fara sjálfir út til að kaupa efni og þá voru margir

milliliðir sem hækkaði verðið,“ segir Hörður. „Nú virðist þetta vera þannig að það er söluaðili úti í Litháen sem útvegar burðardýr og selur efnið beint hingað komið. Á markaðsverðinu hér hirðir hann töluverðan gróða. Þessi burðardýr eru yfirleitt menn sem hafa ekkert við að vera þarna úti og eru því tilkippilegir að taka að sér svona verkefni.“

Hörður segir að erfiðlega gangi í sumum tilfellum að hafa hendur í hári vitorðsmanna vegna þess hversu vel glæpamennirnir feli slóð sína. „Oft vita burðardýrin hvorki hver lét þá fá efnið né hverjum þeir eiga að afhenda það

hér á landi,“ segir Hörður. „Þetta leiðir til þess að erfiðara er að tengja menn saman og torveldar rannsókn mála.“

Þrír Litháar voru gripnir í tengslum við innflutning á svokölluðum amfetamínbasu og brennisteinssýru til framleiðslu á amfetamíni. Með basanum sem hald var lagt á hefði verið hægt að framleiða um þrjátíu kíló af amfetamíni til sölu á götunni. Einn mannanna var Lithái búsettur hér á landi og segir Hörður að lögregla hafi vísbendingar um að Litháar hér á landi séu annað hvort að skipuleggja framleiðslu eða séu nú þegar byrjaðir. „Við höfum orðið varir við tilburði manna hér á landi að hefja framleiðslu á amfetamíni. Við höfum nokkur dæmi þar sem menn hafa verið að reyna að koma sér upp framleiðslu hérna,“ segir Hörður. „Bæði er framleiðsluferlið einfalt og þú mátt síður eiga von á því að vera stoppaður við eftirlit við komuna til landsins með vínfloksu í töskunni heldur en með pakka af hvítu dufti.“

Á dögnum voru tveir Litháar gripnir á Seyðisfirði við komuna til lands með tólf kíló af amfetamíni falið í bifreið. Aðspurður hvort markaðurinn hér á landi sé of lítill fyrir þetta magn sagði Hörður þetta snúast um áhættumat frekar en framboð. „Það er áhættuminna að koma einu sinni með tólf kíló heldur en tólf sinnum með eitt kíló. Ég efa að mennirnir hafi ætlað að mætta markaðinn hér og þar með lækka verðið,“ segir Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn.



ROMAS KOSAKOVSKIS Var dæmdur í tveggja og háls árs fangelsi fyrir tilraun til að smygla amfetamínbasu og brennisteinssýru.

FÍKNIEFNAMÁL TENGD LITHÁUM UNDAFARIÐ

- 30. júní 2005. Tveir Litháar gripnir á Seyðisfirði við komuna til landsins með Norrænu, með tæp fjögur kíló af amfetamíni falin í bíl.
- 4. febrúar 2006. Einn Lithái gripinn í Leifstöð með amfetamínbasu í tveimur flöskum sem hefði dugað til framleiðslu á um þrettán kílóum af amfetamíni til sölu. Annar Lithái, búsettur hér á landi, handtekinn í tengslum við málið.
- 26. febrúar 2006. Einn Lithái handtekinn í Leifstöð með fimm flöskur af amfetamínbasu og brennisteinssýru sem hefði dugað til framleiðslu á rúmum sautján kílóum af amfetamíni til sölu.
- 6. júlí 2006. Tveir Litháar handteknir á Seyðisfirði við komuna til landsins með Norrænu, með um tólf kíló af amfetamíni falin í bifreið.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Íslenska flóran í Elliðaárdal

Þriðjudagskvöldið 18. júlí verður farin göngu- og fræðsluferð í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðríðar Helgadóttur líffræðings.

Gróðurfar í Elliðaárdal er margbreytilegt og ræðst fjölbreytileikinn af mismunandi gróðurlendum og ræktun landsins. Skoðaðar verða blómplöntur og byrkningar. Þátttakendur eru hvattir til að hafa meðferðis stækkunargler og plöntuhandbók ef tök eru á.

Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal og stendur í rúma tvo tíma.

Frekari upplýsingar á www.or.is



FRÉTTASKÝRING
.....
ÆGIR ÞÓR EYSTEINSSON
aegir@frettabladid.is

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TERRACAN

Terracan DELUXE

- 2900 cc. Turbo Dísel 163 hö.
- Sjálfskiptur
- 32" Arctic Trucks jeppabreyting
- TSC spólvörn
- Sítegt aldrif með læsingu
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Tölvustýrð miðstöð
- Samlitun
- Leðuráklæði
- Hiti í sætum
- Topplúga
- Dökkar afturrúður

LÝSING



Með bílinn handa þér



Vertu í sambandi við náttúruna

TERRACAN í ARCTIC TRUCKS útgáfu hlaðinn staðalbúnaði



* Eftersamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðanlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

skoðun

SJÓNARMÍÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Þróun lýðræðis:

Hverju eiga kjós- endur að ráða?

Kosningabátttaka hefur jafnan verið mjög góð á Íslandi. Eigi að síður örlar hér á þeirri þróun sem þekkt er í Evrópu og víðar að áhugi á að greiða atkvæði í kosningum dvínar. Sveitarstjórnarkosningarnar í vor sem leið voru vísbending í þessa veru.

Yfirleitt eru menn á einu máli um að virk kosningabátttaka sé mikilvæg forsenda fyrir virku lýðræði. Á móti því verður ekki mælt.

Kjósendur sem sitja heima eru sáttir við að aðrir ráði úrslitum. Í þeirri afstöðu geta hins vegar falist skilaboð sem stjórnmalamenn þurfa að vega og meta. Kosningaskylda er af þeim sökum óeski-leg.

Ekki er sjálfgefið að ólík kosningakerfi ráði miklu um áhuga fólks á þátttöku í kosningum. En hvað sem því líður er í ljósi þess- arar þróunar vert að virða hvort ástæða sé til að auka áhrifavald kjósenda. Ennfremur er þarft að skoða með hvaða móti það má gera.

Í þingræðiskerfi hafa kjósendur aðeins óbein áhrif á það hverjir sitja í ríkisstjórn með því að hún sækir umboð sitt til þingsins. Eitt af álítaefnunum í þessu samhengi hlýtur að lúta að því hvort auka megí raunveruleg áhrif kjósenda um val á ríkisstjórn án þess að afnema þingræðisregluna.

Ýmsar leiðir geta verið færar í því sambandi. Sums staðar er kosningakerfið þannig upp byggt að kjósendur geta með beinum hætti kosið einn flokk til valda og annan frá völdum. Það getur hins vegar verið á kostnað hlutfallslegs jöfnuðar á milli flokka.

Annars staðar fela yfirlýsingar einstakra flokka fyrir kosningar í sér að kjósendur hafa í reynd val á milli tveggja fylkinga. Segja má að aðstæður hafi verið nálægt því að vera á þennan veg í borg- arstjórnarkosningunum í Reykjavík á liðnu vori.

Engum vafa er undirorpið að það leiðir til virkari pólitískrar ábyrgðar ef kjósendur geta með beinum hætti ráðið því hverjir sitja í ríkisstjórn. Kaupskapur þar um eftir kosningar dregur úr áhrifavaldi kjósenda og hugsanlega áhuga þeirra á kosningabátt- töku.

Annað atriði sem getur haft mikið að segja í þessu viðfangi er möguleiki kjósenda til þess að velja einstaklinga. Að sönnu hafa prófkjör flokkanna komið að hluta til móts við slíkar óskir en þó með takmörkuðum hætti.

Eftir því sem hugmyndafræðilegar markalínur milli flokka hafa dofnað eykst þörfin fyrir meira persónulegt val í kosningunum sjálfum en verið hefur. Einstaklingsbundin kosning leiðir einnig til aukinnar persónulegrar ábyrgðar frambjóðenda.

Aukin persónuleg pólitísk ábyrgð í kosningum er í sjálfu sér eft- irsóknarverð og gæti aukheldur glætt áhuga kjósenda. Ýmsir kost- ir eru til að ná slíkum markmiðum.

Æskilegt gæti verið að kjósendur gætu skipt atkvæði sínu á milli frambjóðenda fleiri flokka. Slíkir kostir geta eðlilega staðið skoð- unum og skapi einstakra kjósenda næst. Hví á þá að útiloka það? Írska kosningakerfið er til að mynda athyglisvert í þessu ljósi.

Loks hlýtur skoðun á auknum áhrifum kjósenda að leiða til rýmri reglna um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þær eru eins og margt annað í þessu samhengi vandasamt viðfangsefni.

Ákveða má að tiltekin mál verði einfaldlega skylt að bera undir þjóðaratkvæði. Ennfremur má opna fyrir möguleika á þjóðarat- kvæði með ákveðnum skilyrðum þegar sérstaklega stendur á.

Lýðræðisskipulag þarf að þróa eins og annað eftir því sem kröf- ur tímans breytast.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heitt kosningamál

Nefnd forsætisráðherra um verð á matvörum skilaði útreikningum sínum á dögunum. Þar koma fram ýmsar tillögur sem miða að því að færa matvælaverð nær því sem gengur og gerist í helstu nágrannaríkjum. Er meðal annars talað um að lækka virðisaukaskatt og lækka vöru- gjald á matvörum. Einnig var minnst á niðurfellingu tolla á innfluttum landbúnaðarvör- um en fulltrúi Bændasam- takanna lagðist alfarið gegn þeim. Athygli vekur að Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur ekkert látið heyra í sér um niðurstöður nefndar- innar, sem skipuð er af honum sjálfum. Ljóst er að breytingar

á matvælaverði verða eitt af stærstu málunum í komandi kosningum, og því til mikils að vinna fyrir flokkana sem lofa að lækka matvælaverð.

Margt að segja

Rómur manna hækkar greinilega þegar þeir fara úr stjórn í stjórnarand- stöðu því mun meira hefur heyrst í Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinn- ar í Reykjavík, eftir að hann yfirgaf borgar- stjórn. Fréttatilkynningar frá honum hafa dunið á fjölmiðlum undan- farnar vikur og eiga fréttamenn fullt í fangi með að lesa allt sem Dagur hefur að segja þeim.



Gaman væri að vita hvort rómurinn lækkar á ný komist hann aftur í stjórn.

Fljótir að selja

Viðræður um sölu hlutar Reykjavíkur- borgar í Landsvirkjun til ríkisins eru hafnar að nýju. Vilhjálmur Þ. Vilhjálm- son borgarstjóri segir ekki eftir neinu að biða og að best væri ef kaupin tækju gildi um áramótin. Athyglisvert er hversu snöggir sjálfstæðismenn voru að koma viðræðunum í gang á ný, en málið strandaði síðast á ósam- stöðu R-listans sáluga. Þá vildu borgarfulltrúar Vinstri grænna ekki selja, en nú þegar þau eru ekki lengur inni í myndinni á greinilega að keyra málið í gegn af krafti. [salvar@frettabladid.is](#)

Sagan af Zidane hinum súra

Ítalir fengu bikarinn en Zidane umtalið. Sigurinn féll í skuggann af ósigrinum.

Frakkar voru betri en Ítalir sterkari. Liðsheildin var þeirra. Þeir stóðu saman í byrjun leiks, með hendur á öxlum hvers annars og kyruðu þjóðsönginn hástöfum. Frakkarnir stóðu hljóðir undir sínum. (Þó ekki hlæjandi líkt og á Laugardalsvelli forðum.) Lið þeirra var fullt af ljómandi einstaklingum en sumir voru frægari en aðrir. Við sáum óttann í augum hins unga Ribery þegar hann hljóp upp um hálsinn á Zidane eftir að sá síðar- nefndi hafði skorað. Virðingin var of mikil. Líka þegar strákur fékk dauðafærin en ákvað að gefa frek- ar á Henry, sér frægari mann. Og aldrei kvartaði hann þótt Henry borgaði sjaldan í sömu mynt. Það var ójafnvægi í liðinu. Ítalir óðu hinsvegar fram eins og herdeild. Engin stjarna innanborðs. Hún stóð á hliðarlínunni, með ljóst hár og vindil. Þá var áberandi hversu miklir íþróttamenn Ítalirnir voru að sjá; hver einasti þeirra minnti á tugbrautarkappa í toppformi. En hinsvegar skorti aðeins á íþróttan- dann.

„Rasistarnir unnu,“ sagði kunn- ingi í SMS-skeyti utan úr heimi. Kannski eitthvað til í því. Í USA eru ítalskættaðir sagðir djarfir til forðoma og sjálfur hef ég séð eitt og annað til þeirra. Fyrir fjórum árum fylgdist ég með HM í fjalla- þorpi á eyjunni Elbu. Eftir leik Frakka og Senegala birtist í hér- aðsblaði Toscana skopmynd af stjórn þeirra síðarnefndu, El Hadji Diouf. Myndin sýndi hann sveittan í lok leiks, spyrjandi: „Hvernig fór?“ Ég varð ekki var við að birtingin ylli umtali í ítölskum fjölmiðlum. Ítalir virðast leyfa sér meira í þessum málum en aðrar þjóðir. Og sama hvað það var nákvæmlega sem Materazzi sagði við Zidane, þá bar atburðurinn í sér vott af rasisma. (M. hefur áður hlotið áminningar fyrir slíkt.) Zid- ane er af alsírsku bergi brotinn. Hann er frá Afríku. Eins og margir í franska landsliðinu. Meirihluti liðsins er reyndar ættaður þaðan og úr Karíbahafinu. Hér áttust við

Í DAG

ZINEDINE ZIDANE



HALLGRÍMUR
HELGASON

Ög þótt Ítalir hafi sigrað nú er lykillinn að knattspyrnustór- veldi Frakka sá að þeir breyttu landsliði sínu í heimslið. Kóng- ur þess hét Zidane. Og hann varð einungis felldur á lymsku- bragði. Líkt og Grettir forðum.

gamli hvíti heimurinn og sá nýi svarti.

Í lok liðinnar aldar bjó ég í París. Ekki varð hjá því komist að skynja veikleika þess gamla veldis. Stjórn- kerfið var rotið inn að kjarna. Sama tegund af fólki hafði stjórnað land- inu frá því á tíð Loðvíkinga og gerir enn. Þess vegna er franska bylting- in enn gerð á fjögurra ára fresti. Á öllum sviðum samfélagsins skyn- aði maður alvarlegt getuleysi. Frakkar voru ekki til stórræðanna. Það kom manni því á óvart þegar handboltalið þeirra fór til Íslands og varð heimsmeistari. Og stuttu síðar gerði knattspyrnulandsliðið það sama. Þetta voru fyrstu heims- titlar Frakka í hópíþróttum. Lykill- inn að velgengninni var þó sá að fáir ef engir „Frakkar“ voru í lið- unum. Þau voru full af innflytjend- um og sonum innflytjenda, sem Frakkar kalla reyndar landa sína með stolti. Og líkast til er það sú frjálslyndis-arfleifð byltingarinn- ar sem hefur gefið þeim umburð- arlyndið sem þarf til að halda með eigin landsliði mönnuðu öðrum kynþáttum. Ég á erfitt með að sjá fyrir mér Íslendinga hvetja hand- boltalandsliðið af sama þrótti og nú væri það eingöngu skipað pólsk- um, marokkóskum, kóreskum og filippseyskum Íslendingum.

Ög þótt Ítalir hafi sigrað nú er lykillinn að knattspyrnustórveldi Frakka sá að þeir breyttu landsliði

sínu í heimslið. Kóngur þess hét Zidane. Og hann varð einungis felldur á lymskubragði. Líkt og Grettir forðum. Þótt nýi heimurinn sé betri í fótbolta, eins og reyndar í íþróttum almennt, hefur sá gamli á honum sögulegt tak. Sem innflytj- endasonur í Evrópu hefur Zidane sjálfsagt mátt kyngja mörgu mis- jöfnu. Þegar tunnan er full þarf ekki stóran neista. „Zidane segir ekki mikið en springur síðan allt í einu,“ var haft eftir vini hans. Úrslitaleikur heimsmeistara- keppninnar var því meira en ein- faldur fótboltaleikur.

Zidane lék ætíð með ólunda- rsvip, líkt og hann bæri innra með sér einhverja ægilega reiði út í lífið og tilveruna. Og samt var hann bestur. Hinn þunglyndi snill- ingur. Við urðum varir við þessa skaphöfn, nokkrir félagar, þegar stjarnan vatt sér allt í einu inn á Kaffibarinn haustkvöld eitt fyrir átta árum. Heimsmeistararnir höfðu gert jafntefli í Laugardal- um fyrr um daginn og vildu nú fá sér snúning í miðbænum. Mig rak í rogastans að líta hetjuna augum (varð gersamlega „star-struck“) en Halli vinur Jóns var ekki fót- boltatræðingur þá fremur en nú, en skynjaði hinsvegar alvöru málsins af sinni alkunnu næmni; hér var heimsfrægur genginn í sal. Hann vatt sér ófeiminn að kauða og spurði hann á sinni góðu gæðafrónsku: „Hvort kjósið þér heldur, að leika knattspyrnu í flóðljósum eða dagsbirtu?“ Zid- ane sneri að okkur nautshöfði sínu (ég sé það nú að hann var þess albuinn að skalla Halla Jóns í bringuna) áður en hann svaraði: „Hvað? Er eitthvað að þér?“ Ög var svo rokinn. Niður á Skuggabar. Sem þá var heitastur meðal borg- ardætra.

Það segir þó mest um kappann Zidane að þótt Ítalir hafi orðið heimsmeistarar í fótbolta síðasta sunnudag minnst þess nú fáir. Sigur Ítala féll í skugga einstakl- ings, sem þegar upp var staðið, var stærri en liðsheild þeirra. Allir kunna söguna af Gretti sterka en enginn man hver drap hann.

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSími: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Þósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



GLÓFAXI HE.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Sláttuvélamarkaðurinn
Ný verslun á Vagnhöfða 8



Flymo vélarnar
komnar aftur

Sláttuvélamarkaðurinn

S: 517 2010



Opið 10 -14 laugardaga

Gluggar & hurðir



Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá

REHAU

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: gluggar@vortex.is



Kjarnagluggar

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713

www.kjarnagluggar.is

Ekkert viðhald



Hert gler
...í stigann?



Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is



Í mörgum fjölbýlishúsum er bannað að vera með hunda eða ketti.

Mikilvægt að taka tillit til annarra íbúa

Gæludýrahald í þéttbýli er ýmsum takmörkunum háð. Í fjölbýlishúsum er mikilvægt að taka tillit til nágranna og sums staðar er bannað með öllu að halda hunda eða ketti.

Ýmsar reglur gilda um katta- og hundahald í þéttbýli. Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður heilbrigðiseftirlits og vöktunar í Reykjavík, segir að flestir dýraeigendur séu meðvitaðir um reglurnar en þó sé alltaf eitthvað um að menn fái sér gæludýr án þess að þekkja þær skyldur sem því fylgja.

„Ef þú býrð í fjölbýli og ætlar að fá þér hund eða kött verðurðu að fá samþykki allra sameigenda í húsinu. Það er ekki nóg að fá samþykki leigjanda heldur verður eigandi íbúðar að gefa leyfi. Þetta er svona meginreglan en síðan er alltaf eitthvað um það að húsfélagið hafi sett reglur um að allt hunda- og kattahald sé bannað í húsinu og þá er voða lítið hægt að gera,“ segir Árný og bætir því við að það sé mikilvægt fyrir dýraeigendur að leita sér upplýsinga um slíkar reglur áður en flutt er inn eða jafnvel áður en íbúð í fjölbýli er keypt. „Það er fremur algengt að dýrahald sé bannað í fjölbýli og oftast er það vegna slæmrar reynslu. Ef einn er ósáttur í húsinu er það nóg til þess að dýrið verði að víkja. Þetta er bara hlutur sem menn verða að sætta sig við ef þeir búa í fjölbýli. Það verður að taka tillit til annarra,“ segir

Árný og bætir því við að þegar kettir eigi í hlut sé nóg að einn í húsinu sé með kattaofnæmi – þá verði kötturinn að víkja.

Kvörtunum vegna gæludýrahalds í fjölbýli hefur fjölgað talsvert á undanförunum mánuðum enda segir Árný að hundum hafi fjölgað mikið undanfarið. Það eru margir með hunda í fjölbýli og það hefur aukist mikið eftir að smáhundarnir komu til sögunnar. „Fólk áttar sig oft ekki á því að það gilda sömu reglur um þá eins og aðra hunda enda getur lítil smáundur valdið alveg jafn miklum usla og stór hundur,“ segir Árný um leið og hún ítrekar að langflestir hundar séu algjörlega vandræðalausir.

Önnur gæludýr fá að búa í fjölbýlishúsum að mestu óáreitt. „Ég veit ekki til þess að fólk hafi verið að setja út á það að maðurinn í næstu íbúð sé með skrautfiska eða eitthvað slíkt en auðvitað geta ýmis gæludýr valdið óþægindum í fjölbýli. Annars er þetta undir húsfélagunum komið og þau geta ákveðið að banna allt gæludýrahald. Það hafa t.d. komið upp vandamál þar sem fólk hefur verið með kanínur inni hjá sér en það eru örfá tilfelli,“ segir Árný.

Að sögn Árnýjar vita flestir gæludýraeigendur af þeim reglum og samþykktum sem í gildi eru. „Ég held að hundaeigendur séu upp til hópa meðvitaðir um samþykktirnar en kattaeigendur síður. Nýlegar reglur kveða til að mynda á um að gelda eigi alla fressketti sem ganga lausir og því

er ekki alltaf framfylgt. Þetta eru nýjar samþykktir svo það er eðlilegt að það taki tíma að venjast þeim,“ segir Árný og bendir á að samþykktir um að örmerkja skuli alla ketti í þéttbýli séu einnig nýjar af nálinni en reglur um örmerkingu hunda hafa verið við lýði um nokkurt skeið. „Slíkar örmerkningar eru afar mikilvægar og flestir dýraeigendur eru mjög ánægðir með þær. Þetta tryggir að það sé hægt að koma dýrunum aftur til eigenda sinna ef þau fara á flakk og eins er hægt að láta vita ef þau lenda í einhverjum óhöppum,“ segir Árný.

Á heimasíðu Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, www.umhverfissvid.is, er hægt að nálgast samþykktir um katta- og hundahald.

thorgunnur@frettabladid.is



Vissir þú þetta um gæludýrahald?

■ Í fjölbýlishúsi þarf að fá leyfi fyrir hunda- og kattahaldi frá öllum sameigendum hússins.

■ Allir hundar og kettir í þéttbýli skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Að auki á dýrið að bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eigenda og símanúmer.

■ Gelda skal alla fressketti eldri en sex mánaða sem ganga lausir utandýra.

■ Skylt er að láta ormahreinsa kött einu sinni á ári með viðurkenndu ormalyfi.

■ Ekki er heimilt að halda kött í fjölbýlishúsi ef kattahaldið veldur eða viðheldur sjúkdómum, t.d. ofnæmi, hjá íbúum hússins.



**Fjöldi ánægðra viðskiptavina
Sjá nýuppsetta stiga á**
www.byggingavorur.com

Vantar þetta aðgengi
í garðinn?, stigi
getur leyst málið.....

Stigar & Handrið

Mex - byggingavörur

Sími 567 1300 og 848 3215

www.byggingavorur.com



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Húsamaur (*Hyoponera punctatissima*), klóakmaur

Húsamaur fannst fyrir um það bil 40 árum í Bandaríkjunum og hefur breiðst út um allan heim. Hann lifir helst í húsgrunnum, við inntakslagnir húsa og við og undir skólp-lögnum.

Maurinn er liðdýr (Art-hropoda) í flokki skordýra af ættbálki æðvængja (Hymenoptera) og er af mauraætt (Formicidae). Aðeins litamunur og fjöldi augna skilur á milli tegunda. Karldýrið er 2-3 mm langt en kvendýrið er aðeins stærra eða um 3,5-4mm. Maurinn er félagsvera og byggir bú sín þar sem jarðvegur er góður. Talið er að allt að 5.000 dýr geti verið í einu búi. Kvendýrið eða kynþroska drottningar geta flogið og sjást erlendis í hópum á kvöldin. Hér á landi má oft sjá maurinn í kringum niðurföll í baðkerum eða vöskum og í kringum salerni. Húsamaurinn getur stungið. Við stunguna myndast roði og fólki klæjar, jafnvel í nokkra daga.

Húsamaur er oft visbending um að eitthvað sé að skólplögn hússins. Það þýðir lítið að úða því meinsemdin er fyrir utan húsið. Best er að fá aðila sem eru með röramyndavélar til að mynda skólplagnirnar og er þá hægt að sjá hvort lögnin er að byrja að gefa sig. Hann getur líka verið með bú í holrými í grunninum og komið þá upp í gegnum sprungur í plötu. Ef ekkert er að gert og lögnin fer í sundur er ekki langt að biða að annar gestur notfæri sér ástandið



en það er rottan sem getur grafið undan rörinu, búið sér til bæli við það og kannski komið í heimsókn við tækifæri.

Húsamaurinn finnst líka í útihúsum og á móta stöð-um. Í forvarnarskyni láta margir úða undir og meðfram lögnum þegar þær eru endurnýj-aðar.

Húsamaur er oft kallaður klóak-maur í daglegu tali manna. Margar kenningar eru um hvernig maurinn dreifist, m.a. er því haldið fram að hann dreifist neð skolpi og komist út í jarðveginn gegnum lélegar skólp-lagnir. Einnig er hugsanlegt að hann dreifist með hitaveitulögnum milli húsa, við gróðursetningu blóma og plantna frá gróðurhúsum og trúlega eru fleiri leiðir. Lítið er annars vitað um lifnaðarhætti maurana.

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfsskírteini útgefið af Umhverfis-stofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitafé-lagi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garð-úðara frá erlendum ríkjum og félaga-samtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir: Upplýsingar og fróð-leikur um Meindýr og varnir 2004

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið guðmunduroli@simnet.is.



Hægt er að nota borðbúnaðinn bæði úti og inni í sumar og lífgar hann rækilega upp á tilveruna.



Litirnir passa allir vel saman.



Svart, rautt, gult og grænt eru aðallitirnir í sumar hjá Habitat.

Lífgar upp á tilveruna

Það má með sanni segja að sólin hafi ekki leikið við landsmenn upp á síðkastið. Nú er því enn meiri ástæða til að lífga aðeins upp á umhverfið og láta ekki veðrið aftra sig í að eyða góðum stundum úti með góðu fólki og góðan mat.

Fréttablaðið leitaði til starfs-fólks Habitat til að leggja skemmtilega á útiborðið og greinilegt að litadýrðin ræður þar ríkjum.

„Litirnir í munstrunum í disk-unum og glösunum eru litir sem eru gegnum gangandi í sumarlín-unni frá Habitat. Það er það skemmtilega við hana. Það er hægt að fá allt mögulegt í þess-um litum, áklæði á stóla, hand-

klæði, barnadót og púða svo eitt-hvað sé nefnt,“ segir Sigríður Jóhannsdóttir hjá Habitat.

„Þessir litir passa allir saman en einlita plastvörurnar fáum við í fimm litum og tvær gerðir af munstruðum plastvörum,“ segir Sigríður en einstaklega gaman er að sjá litadýrðina í sumarvör-um Habitat. „Fólk hefur einmitt á orði þegar það kemur hve lit-ríkt allt sé. Þegar sumarið er búið að vera eins og það er þá er mjög gaman að sjá litina. Við erum einnig með ljósaseríu sem hægt er að vera með úti sem líf-gar líka upp á tilveruna þó að veðrið leiki ekki við okkur.“

lilja@frettabladid.is

Borðbúnaðurinn er afar litríkur í sumarlínu Habitat. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





HEILSUVÖRUR Á 15% AFSLÆTTI Í JÚLÍ

 ORIGINAL HEILSUKODDI 61CM -15% VERÐ KR. 8.075,-	 MILLENIUM HEILSUKODDI 64CM -15% VERÐ KR. 7.990,-	 CLASSIC HEILSUKODDI 55CM -15% VERÐ KR. 7.565,-	 COMFORT HEILSUKODDI 70CM -15% VERÐ KR. 7.820,-
 FERÐASETT KODDI OG DÝNA Í TÖSKU -15% VERÐ KR. 29.900,-	 ORIGINAL FERÐAKODDI Í TÖSKU -15% VERÐ KR. 3.968,-	 SESSA 40X42X5 CM -15% VERÐ KR. 6.301,-	 BAKSTOÐ 36X36X7 CM -15% VERÐ KR. 5.987,-
 HÁLSKRAGI -15% VERÐ KR. 4.847,-	 SVEFNGRÍMA -15% VERÐ KR. 1.713,-	 BAKSTUÐNINGUR 68X40X7 CM -15% VERÐ KR. 7.900,-	 ALHIÐA-HEILSUKODDI 50CM -15% VERÐ KR. 5.367,-

www.design.is ©2006



Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opð virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júlí



Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is



Opið virka daga kl. 9–18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

– Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs!

EINBYLI



FAGRAKINN - GOTT EINBYLI - Á EINNÍ HÆÐ Vel skipulagt einbýlishús á góðum stað í Kinnum í Hafnarfirði. Eignin er alls 127 fm þar af er bílskúr 32 fm Allt að fjögur svefnherbergi, suður garður. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu. Verð 31,5 millj. 1815



KALDAKINN - FALLEGT OG VEL VIÐ HALDIÐ FALLEGT 132,3 fm EINBYLI á einni hæð á grónum og fallegum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Gott viðhald hefur verið á húsinu og búið að endurnýja töluvert að innan, s.s. hluti af gólfefni, eldhúsinnrétting o.fl. Þrjú svefnherb. Sérlega fallegur garður með verönd m/skjólveggjum, geymsluskúr og góðri grillaðstöðu. Verð 36,5 millj. 5025



ÁLFKONUHVARF - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Nýtt og fallegt 217,7 fm EINBYLI á tveimur hæðum, ásamt 55,1 fm BÍLSKÚR alls 272,8 fm á góðum ÚTSÝNIS-STAÐ í Hvarfahverfinu í Kópavogi. Húsið skilast fullbúið að utan, steinað í ljósum lit og lóð gróðfjofnuð. Að innan skilast húsið rúmlega fohkelt. Fallegt útsýni. Verð 69,8 millj. 9711



VALLARBARD - GOTT EINBYLIS-HÚS Á GÓÐUM STAÐ Nýkomíð 167 fm fallegt og rúmlegt einbýlishús ásamt 40 fm bílskúr, samtals 207 fm Fimm rúmgóð svefnherbergi. Góð staðsetning innst í botnlanga á grónum stað. Stór lóð. Þetta er eign sem hægt er að mæla með. Verð 44,9 millj. 4863



KLEIFAKÓR - GLÆSIHÚS Vorum að fá í sölu glæsilegt 266 fm hús á frábærum stað í Kópavoginum. Tvöfaldur bílskúr. Mahóni í öllu tréverki. Afhendist fohkelt að innan og fullbúið að utan eða lengra komið. Glæsilegt útsýni. Allar frekari uppl. á Ás fasteignasölu. 5014



FAGRIHVAMMUR - EINBYLI/TVÍ-BYLI - FRÁBÆR STAÐSETNING GLÆSILEG 311 fm eign sem skiptist í 155 fm íbúð á efri hæð, 107 fm íbúð á neðri hæð og 50 fm bílskúr. Báðar íbúðir samþykktar. Allt í topp ástandi bæði að utan og innan. Möguleiki allt 5-7 svefnherbergjum, arinn, útsýni, verönd, heitur pottur, verönd með næturlyngu, falleg gólfefni, stór bílskúr, hellulagt bílastæði með hita, góð eign. Tilboð óskast. 5560



AUSTURGATA - FRÁBÆRT HÚS Nýkomíð í einkasölu falleg einbýlishús á þrem hæðum. Húsið er mikið endurnýjað, fimm svefnherbergi, rúmgóð stofa og eldhús. Fallegur garður, pallar, heitur pottur, eignin er alls ca 180 fm, skemmtileg eign sem hægt er að mæla með. Verð 38,5 millj. 5299



STEKKJARKINN - FRÁBÆR STAÐ-SETNING Gott og vel viðhaldið 162 fm EINBYLI, kjallari, hæð og ris, ásamt 25 fm BÍLSKÚR á rólægum og góðum stað innst í Kinnunum, samtals 187 fm 5 til 6 svefnherbergi. Stór suðurlóð. Sérlega fallegt útsýni. Verð 36,0 millj. 5096



FURUVELLIR - NÝTT OG GLÆSILEGT Nýtt SÉRLEGA fallegt nánast fullbúið 177 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 57 fm tvöföldum BÍLSKÚR, samtals 234 fm Vandaðar og fallegar innréttingar. Fjögur svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónaherbergi. Upptekin loft í stofu, eldhúsi og sjónvarpsholi með halogenlyngu. Litað gler sandblásið að hluta. Lóð er gróðfjofnuð. Verð 49,9 millj. 5258



FLÉTTUVELLIR 45 - NÝTT EINBYLI Á JAÐARLÓÐ Nýtt og glæsilegt 184,9 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 33,5 fm BÍLSKÚR, samtals 218,4 fm á góðum stað innst í botnlanga (JAÐARLÓÐ) á Ásvöllum í Hafnarfirði. Húsið afhendist fullbúið að utan steinað og fohkelt að innan. Verð 33,0 millj. 5243

RAÐ- OG PARHÚS



KLAPPARHOLT - FALLEGT PARHÚS Á GÓÐUM ÚTSÝNIS-STAÐ

Húsið er alls 152,3 fm en frábært skipulag gerir nýtinguna góða í húsinu. Þrjú svefnherbergi, frábær gólfefni og innréttingar, flott hönnun. Stutt í golf og fleira. Sjón er sögu ríkari. Sjá myndir á netinu. Verð 39,5 millj. 9718



MURURIMI - REYKJAVÍK Fjölskylduvænt parhús í Mururima í Grafarvogi. Tvær hæðir og innbyggður bílskúr, samtals 178 fm Vel staðsett í botnlanga. Stutt í skóla og þjónustu. Hagstætt verð 40,5 millj. 5509



BREIÐVANGUR - GOTT RAÐHÚS Fallegt 142 fm raðhús á einni hæð ásamt 28 fm innbyggðum bílskúr, samtals 170 fm á rólægum og góðum stað. Fjögur svefnherbergi og fl. LAUST VIÐ KAUPSAMNING. Verð 38,5 millj. 9760



LÆKJARHVAMMUR - TVEGGJA ÍBÚÐA HÚS Fallegt 295 fm tveggja íbúða raðhús á góðum stað með frábærum garði og útsýni út á flóann. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað m.a. nýlegt parket, tæki í eldhúsi, handrið, ný málað þak o.fl. Verð 42,9 millj. 9747



FJALLALIND - GLÆSILEGT Á FRÁBÆRUM STAÐ GLÆSILEGT OG VANDAÐ 144,5 fm ENDARAÐHÚS Á EINNÍ HÆÐ ÁSAMT 24,0 fm BÍLSKÚR Á MJÖG BARNVÆNUM OG SKJÓLRÍKUM STAÐ. Vandaðar innréttingar. Gegnheilt parket og náttúrusteinn á gólfum. MÖGULEG 4 svefnherbergi. Verð 49,9 millj. 9741



VESTURBERG - FALLEGT RAÐHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ Fallegt 210 fm raðhús á tveimur hæðum. Fallegt útsýni, garður með verönd. Allt að 4-5 svefnherbergi. Aukaíbúð með 3 ríngangi. Góð eign, gott skipulag. Verð 40,5 millj. 9715

HJALLABRAUT 33 LAUS STRAX



Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 12.700 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.350 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað. Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. júlí 2006.

Tollstjórnin í Reykjavík
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík

Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsvíli

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulist-inn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu á Costa Blanca ströndinni á Spáni. Golf og Strönd innan seilingar ásamt mörgu öðru. Uppl. í síma 557 8124 Og 822 8773 eða á síðu. <http://puntaprima.blogspot.com>.

Til leigu 2 herb. íb. á sv. 101. Leiga 75 þús. á mán. Uppl. í s. 895 7272.

Til leigu herbergi með aðgangi að góðu elhúsi, baði og þvottavél. Herbergið er á besta stað í miðbæ Rvk. Uppl. í síma 552 1225 & 690 9202.

Húsnæði óskast

Lögfræðinemi í HA óskar eftir herbergi á Akureyri
22 ára gamall lögfræðinemi við Háskólann á Akureyri óskar eftir herbergi til leigu á Akureyri í vetur. Er reyklaus og reglusamur. Upplýsingar gefur Örlýgur Hnefill Örlýgsson í síma 862-1818.

25 ára tónlistanemi utan af landi óskar e. herb. m. aðg. að wc og eldunaraðst. á sv. 108 eða nágr. Tryggvi s. 847 0917 e. 19.

33 ára karlmaður óskar e. herb. á leigu helst í Árbænum. Uppl. í s. 664 1674. milli kl 08-16.

Tveggja barna einstæð móðir leitar að 4 herb. íbúð. Er reyklaus. Tilbúin til að skoða allt. Skilvísum greiðslum heitið. Er með meðmæli. Uppl. í s. 866 6992.

Hjón yfir sextugt óska eftir 80 - 100 fm íbúð á höfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Þarf að vera á 1. hæð eða í lyftuhúsi. 100% skilvisi og reglusemi. aftann@aftann.org S. 845 6724.

Vantar strax 2 herbergja íbúð eða herbegi til leigu á höfuðborgarsvæðinnu. Reyklaust og reglusamt par. S. 690 4666, Pálína.

Sumarbústaðir



Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

Höfum til sölu nokkrar sumarhúsalóðir við bakka Ytri Rangá. Þær verða afhentar með vatni, vegagstæði og rafmagni að lóðarmörkum. Uppl. í síma 897 3238 og á ebhus.com

Geymsluhúsnæði



Pinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.veysmsla1.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðimar.

Gisting

Til leigu nýuppgerðar og fullbúnar íbúðir í hjarta Akureyrar. Íbúðirnar leigjast til lengri eða skemmri tíma. Uppl. í 820 7080, Vignir.

ATVINNA

Atvinna í boði

Mothers and Others!
Help needed! -Part time \$500 - \$2000 -Full time \$2000 - \$8000 - Full training www.123ibo.com
www.123ibo.com

Bakarið hjá Jóa Fel
Bakarið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind, óskar eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakarið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.



Næturvaktir
Vantar traustan, samvirkusaman og duglegan starfsmann í afgreiðslu á næturvaktir. Unnið er 2 dagar aðra vikuna og 5 dagar hina en aldrei fleirri en 3 dagar í einu. Ekki yngri en 20 ára Um-sóknareyðublöð á staðnum eða í síma 820 0065 milli kl 17 og 19 Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58 stodin@hn.is



Veitingahús
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
Uppl. í s. 894 0292.



Bifreiðastjórar óskast til starfa
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra með hópréttindi til framtíðarstarfa. Einnig óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til aksturs á kvöldin og um helgar, um hluta-störf er að ræða. Störfin henta jafnt konum sem körlum.
Upplýsingar í síma 515 2700 frá 9-17 Jónas eða Ágúst.

NK Kaffi.
Óskum eftir að ráða hressst og duglegt fólk í helgarvinnu.
Upplýsingar í NK kaffi Kringlunni.
Sími 568 9040.

Veitingahúsið Tveir Fiskar við Reykjavík-urhöfn óskar eftir starfsfólki í sal og eldhús, vinsamlega hringið í síma 691 0339 fyrir kl. 19:00 alla daga. (Árni)

The Deli Bankastræti
Aðstoðar rekstrarstjóri, matreiðslumaður, framtíðarstarf, The Deli Bankastræti. Umsóknir sendid á deli@deli.is

Vantar smíði og yfirsmíði í mótauppslátt, þak og fleira á svæði 105, einnig nokkra verkamenn. Uppl. Sigurjón í síma 899 5660 og 551 6200.

Málarar eða starfsmenn vanir málningarvinnu óskast. Uppl. í s. 893 2385.

Vörubifreiðastjóri og grófumaður
Vörubifreiðarstjóri og grófumaður óskast, góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607 & 893 1791.

Verslunin Tiger
Starfsfólk óskast í verslanir okkar í Kringlunni og Smáralind. Framtíðarstörf á skemmtilegum vinnustað. Upplýsingar í síma 660 8211.

Verslunin Tiger
Starfsfólk óskast í verslanir okkar í Kringlunni og Smáralind. Framtíðarstörf á skemmtilegum vinnustað. Upplýsingar í síma 660 8211.

Duglegan starfskraft vantar í garðavinnu í sumar. Uppl. í s. 824 1238.

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra, um er að ræða sumarafleysingar á sendibíl sem er á stöð, nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 896 4002.

Atvinna óskast

Kk. 40 óskar eftir framtíðarvinnu á höfuðborgarsvæði allt kemur til greina, er ýmsu vanur (reyklaus) upplýsingar í gsm 696 0048 olajon@simnet.is get byrjað strax.

Verkamaður óskar eftir starfi. Uppl. í sími 848 5071.

Viðskiptatækifæri

Splunkunýtt viðskiptatækifæri
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

TILKYNNINGAR

Einkamál



Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Ópið allan sólahringin, engin bið.

Símaspjall 908 6666. Ég heiti Klara og vil vera vinkona þín og langar í gott símaspjall við þig. Ópið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

TIL SÖLU



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

Tillaga að deiliskipulagi lóðanna Miðtún 2 og 2a.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að lóðinni Miðtún 2 verði skipt í tvær lóðir 2 og 2a. Lóðin Miðtún 2a verður 867 m² en lóðin Miðtún 2 verður 732 m². Nýtingarhlutfall lóðanna er hámark 0,3 fyrir Miðtún 2 og 0,35 fyrir Miðtún 2a.

Tillagan gerir ráð fyrir að einbýlishús á lóðinni Miðtún 2a verði ein hæð eða tvær hæðir en einbýlishús á lóð Miðtúns 2 verði ein hæð.

Tillaga að deiliskipulagi lóðanna Byggðarhorn land 2,5,6,7 og 8.

Um er að ræða deiliskipulagstillögu á löndum nr. 2,5,6,7 og 8 sem tekin eru úr jörðinni Byggðarhorn. Í gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið er það skilgreint sem svæði fyrir búgarðabyggð og er notkun í deiliskipulagstillögunni samkvæmt því.

Deiliskipulagstillaga þessi gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsi á hverju landi auk byggingarreits fyrir húsnæði undir frístundabúskap eða atvinnustarfssemi tengda landbúnaði samkvæmt gr. 4.7.2. í gildandi aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Árborg 2005-2025. Nýtingarhlutfall lóða er 0,1.

Teikningar munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar Austurvegi 67, Selfossi frá og með mánudeginum 17. júlí 2006 til og með mánudag-sins 14. ágúst 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánu- daginn 28. ágúst 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning til kynningar á heima- síðu Árborgar: <http://www.arborg.is>, þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfang skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 11. júlí 2006

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

HALLGRÍMSKIRKJA

Hallgrímskirkja stendur á Skólavörðu-holtinu og sést víða að af höfuðborg-arsvæðinu. Hún er einn vinsælasti útsýnisstaður ferðamanna og er áætlað að um 200 þúsund manns komi í kirkjuna á ári hverju. Turn kirkjunnar er 74,5 metra hár og er hann því hæsta, óstagaða mannvirki landsins. Hallgrímskirkja var teiknuð af arki-tektinum Guðjóni Samúelssyni og er lögun kirkjunnar afar sérstök. Ekki er vitað til þess að Guðjón hafi sótt fyrirmynd að henni til annarra landa. Hallgrímskirkja var 41 ár í byggingu en framkvæmdir hófust árið 1945 og var kirkjan vígð árið 1986. Byggingin er nefnd eftir Hallgrími Péturssyni sálmaskáldi til minningar um hann.



DRAUMAHÚSIÐ MITT: KRISTÍN EYSTEINSDÓTTIR DRAMATÚRG OG LEIKSTJÓRI

Tilraunaleikhús í kjallaranum

„Ég er nýbúin að gera upp húsið mitt en ef ég gæti þá myndi ég selja það og kaupa Lambhól, sem er húsið sem stendur eitt við Ægisíðuna. Mér finnst það vera fallegasti staðurinn í Reykjavík,“ segir Kristín Eysteinsdóttir sem er þessa dagana að leikstýra leikritinu Penetrator sem frumsýnt verður næstkomandi þriðjudag. „Það eru svalir sem snúa að sjónum og ósnert náttúra fyrir utan. Ég held það sé frábært að eiga fullt af börnum og ala þau upp þarna.“


Kristín hefur greinilega hugann við leikhúsið og sér ótal möguleika í húsinu. „Þar sem þetta er svo stórt hús myndi ég hafa tilraunaleikhús í kjallaranum og vinna með mismunandi leikhópum. Svo myndi ég hafa tónlistarstúdíó og þar sem það eru engir nágrannar til að kvarta undan hávaða myndi ég halda tónleika í húsinu líka. Ég myndi að sjálfsöögðu gera það upp eftir eigin höfði. Hafa stóra glugga og stórar svalir til að njóta fallega útsýnisins. Mér finnst allt of algengt að fólk meti ekki útsýnið sem það hefur. Ég hef náttúrulega aldrei komið inn í þetta hús þannig að ég veit ekki hvernig það lítur út að innan en ég myndi vilja hafa viðargólf, gaseldavél og svo er ég voða hrifin af svona svefnlofti.“

Kristín hefur miklar hugmyndir um húsið og biður því fyrir skilaboðum til eigendanna. „Ef þið eruð að lesa þá vitið þið allavega að ég er til í að kaupa húsið,“ segir Kristín að lokum.



Kristín Eysteinsdóttir vill búa við sjóinn með óspillta náttúru í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Seðlabanki Íslands

Spám Seðla-banka hafnað

Margt bendir til að það dragi úr framkvæmdum á íbúðabyggingum á næsta ári. Þetta er niðurstaða byggingaraðila innan Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Ályktunin er í hrópanði mótsögn við spár Seðlabankans að fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist um 3,8 prósent á næsta ári. Talsmenn samtakanna rekja þennan samdrátt til þverrandi eftirspurnar eftir húsnæði.

- rve



Háskólinn í Reykjavík er nýr leigjandi Morgunblaðshússins við Kringluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Háskólinn leigir Morgunblaðshúsið

HÁSKÓLI REYKJAVÍKUR ER NÝJASTI LEIGJANDINN AÐ MORGUNBLAÐS-HÚSINU VIÐ KRINGLUNA.

Háskóli Reykjavíkur er nú kominn með sitt þriðja húsnæði en skólinn stækkar nú við sig og leigir út húsnæði Morgunblaðshússins við Kringluna. Skólinn hefur einnig aðsetur í Ofanleiti og að Höfðabakka. Starfsemi blaðsins var flutt úr húsinu fyrir skömmu en Háskólinn hefur gert leigusamning fram til ársins 2009. Áætlað er að verkfræði- og tölvunarfræðideildir skólans verði þar til húsa auk Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins sem staðsett verður á þriðju og fjórðu hæð.



Þetta gæti tekið tíma



Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Matarverð á Íslandi

Í umræðum um matarverð á undanförunum vikum hefur ýmislegt komið fram, sumt rétt, annað óljóst og enn annað beinlínis rangt eða villandi.

Óumdeilt er, að matarverð er hátt hér á landi. Það sýnir samanburður Hagstofu ESB (EURO-STAT) en þetta háa verðlag er ekki einskorðað við matvöru. EUROSTAT hefur sýnt, að fatnaður er hér álíka mikið dýrari en í Evrópu og matur. Ætli það sé ekki sannast sagna, að verðlag sé almennt hátt hér á landi miðað við „meðaltal“ í ESB.

Hitt er svo rétt að undirstrika, að það er ekkert til sem hægt er að kalla Evrópuverð; breytileikinn er svo mikill milli landa, sérstaklega milli Suður- og Norður-Evrópu. Þannig mælist verðlagið í Danmörku 133 miðað við 100 í ESB (15 ríki), en á Spáni er þessi tala 79. Matur og drykkjarvörur mælast sem sagt 68% dýrari í Danmörku en á Spáni. Á Íslandi er vísitalan 148 eða 11% yfir Danmörku og 26% yfir Svíþjóð en nánast jafn há og í Noregi. Við getum svo velt því fyrir okkur hvert eðlilegast er að sækja samanburð. Dettur nokkrum í hug í alvöru, að við á Íslandi getum vænst þess í framtíðinni að borga lægra verð fyrir matinn en Danir. Hvaða markaðslegar forsendur væru fyrir því, þegar við horfum til staðsetningar, fámennis og almennra lífsgæða?

Í tveggja ára skýrslu Hagfræðistofnunar eru helstu ástæður hás matarverðs á Íslandi taldar vera lega landsins, markaðsaðstæður, launastig og kaupmáttur, skattlagning og innflutningsvernd. Rétt er að undirstrika, að það er jafnan sterkt samhengi milli verðlags og kaupmáttar, þannig að þar sem kaupmáttur er hár er verðlag að jafn-

UMRÆÐAN

MATARVERÐ



SIGURGEIR ÞORGEIRSSON
FRAMKV/EMDASTJÓRI BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

Landbúnaðurinn býr vissulega við mikla vernd, en hún er m.a. til að varðveita þessi gildi, tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar og líf í byggðum landsins, sem skapar grunn fyrir fjölbreytilegri atvinnuhætti og gerir eftirsóknarverðara að búa í landinu.

aði hátt líka. Kaupmátturinn endurspeglast í framleiðslu- og þjónustukostnaði. Þótt matarverðið mælist 148 hér en 79 á Spáni, verja Spánverjar mun hærra hlutfalli tekna sinna til matarkaupa en Íslendingar.

En hvað með innlendu búvörurnar? Eru það fyrst og fremst þær sem valda háu matarverði hér, eins og margir halda fram? Búvörur eru vissulega dýrar í framleiðslu hér vegna náttúrulegra aðstæðna og vegna þess að hér er áhersla lögð á hágæðaframleiðslu, og hér er ýmislegt bannað í framleiðslu, sem stund- að er þar sem búvörur eru framleiddar með minnstum kostnaði. T.d. er íblöndun fúkkalyfja í fóður bönnuð hér svo og öll notkun hormóna til vaxtar- eða afurðaauka. Ylræktin notar eingöngu lífrænar varnir gegn skordýrum. Þetta kostar sitt og þýðir, að við getum aldrei keppt

í verði við það sem ódýrast er. En viljum við breyta þessu? Viljum við stefna þessum framleiðsluháttum í hættu? Landbúnaðurinn býr vissulega við mikla vernd, en hún er m.a. til að varðveita þessi gildi, tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar og líf í byggðum landsins, sem skapar grunn fyrir fjölbreytilegri atvinnuhætti og gerir eftirsóknarverðara að búa í landinu. En vissulega kostar það sitt.

Hvað sem því líður, er það einnig staðreynd, að innlendu búvörurnar skera sig ekki sérstaklega úr hvað verðlag varðar samkvæmt mælingu EURO-STAT. Þar mælist kjötið 143, mjólk, ostar og egg 146, sem hvort tveggja er undir meðaltali matar og drykkjar, ávestir, grænmeti og kartöflur 151, brauð og kornvörur 167, aðrar matvörur 149, drykkjarvörur 155, og loks má nefna föt og skó sem, eins og áður sagði, eru álíka mikið dýrari hér og maturinn að meðaltali og mælast 149 á sama skala.

Það er eðlilegt að þeir sem vinna að hagsmunamálum almennings, hvort sem er í stéttarfélagum eða á öðrum vettvangi, horfi til þess hvernig megi lækka mtvælaverð í landinu. Bændur víkja sér ekki undan þeirri umræðu og hafa ekki setið með hendur í skauti undanfarin ár, heldur þvert á móti unnið stíft að hagræðingu á búum sínum og í afurðavinnslunni. Þeir eiga sinn þátt í því, að útgjaldahlutfall venjulegrar fjölskyldu til matarkaupa hefur á tæpum áratug lækkað úr 17% í 13%, og við skulum ávallt hafa í huga, að minna en helmingur af mat okkar eru íslenskar búvörur; við flytjum nú þegar flestum þjóðum meira inn af matvælum.

Fyrir mistök vantaði niðurlagið á þessa grein þegar hún birtist 13. júlí. Hún er því birt aftur.

Ekki benda á mig

UMRÆÐAN

LYFJAVERÐ



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALPINGISMAÐUR

Heilbrigðisráðherra kennir frjálsum markaði um hátt lyfjaverð um leið og hún afneitar ábyrgð á lyfjagreiðslunefnd sem heilbrigðisráðherra skipar.

Það er staðreynd að verð á samheitalyfjum er margfalt hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Þessi verðmunur á ekki síst við um verð á lyfjum frá íslenska lyfjaframleiðandanum Actavis. Þetta eru ekki nýjar staðreyndir heldur hafa þær legið fyrir í mörg ár. Ríkisendurskoðun gaf út sérstaka skýrslu um lyfjakostnað þar sem hátt verð á lyfjum var dregið rækilega fram í dagsljósið.

Kastljósið hefur fjallað um gífurlega hátt verð á lyfjum, Fréttablaðið fjallaði með ítarlegum hætti um málið í maí síðastliðnum og sömuleiðis landlæknir. Ekki má heldur gleyma verðkönnun ASÍ og fáránlegum viðbrögðum heilbrigðisráðherra Sívjar Friðleifsdóttur við verðkönnuninni sem lýstu mikilli vanþekkingu á rót vandans. Viðbrögð ráðherra voru þau að hóta starfsfólki apóteka áminningum og leyfissviptingum.

Þrátt fyrir alla framangreinda

umfjöllun bólar ekkert á því að lyf lækki í verði. Í góðri umfjöllun Kastljóssins um hver ástæðan væri fyrir háu lyfjaverði féllu mörg gullkorn af vörum viðmælenda sem hefðu þess vegna getað orðið uppistaðan í mörgum spaugstofubáttum. Viðmælendur Kastljóssins vísuðu allir ábyrgðinni af höndum sér, formælandi Actavis taldi t.d. að orsökina fyrir háu lyfjaverði væri umbúða- og þýðingar- kostnaður sem mældur var sem 90 prósent af kostnaði lyfsins og gæti hlaupið á mörgum þúsundum króna hvert lyfjaglas.

Á einum lyfjainnflytjanda var að heyra að hann væri fórnarlamb ríkisins sem ákvarðaði himinhátt verð sjálfu sér til handa. Formaður lyfjagreiðslunefndar og fyrrum ráðherra Framsóknarflokksins neitaði algerlega staðreyndum og fullyrti að verð á samheitalyfjum hér og í nágrannríkjunum væri sambærilegt og sakaði innflytjendur lyfja um að vilja einungis flytja inn dýr lyf, Bens en ekki Trabant. Sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu benti á að samkeppnisyfirvöld hefðu ekki verið á vaktinni.

Heilbrigðisráðherra kennir frjálsum markaði um hátt lyfjaverð um leið og hún afneitar ábyrgð á lyfjagreiðslunefnd sem heilbrigðisráðherra skipar.

Það er sjaldnast vænlegt til árangurs þegar hver bendir á annan en öllum ætti að vera ljóst að stjórnvöld bera höfuðábyrgð á gríðarháu lyfjaverði. Stjórnvöld bera alla ábyrgð á því að ná fram sanngjörnu verði og hafa til þess tæki.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

NOVARTIS

CONSUMER HEALTH

Nicotinell®

Classic

20% afsláttur

af 2 mg nikótíntyggigúmmi

40% afsláttur

af 4 mg nikótíntyggigúmmi

Í apótekum á meðan birgðir endast.

Nicotinell tyggigúmmi er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munnum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaböf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hika og ertingu í meltingarferum. Sjúklingar með slæma hjarta- og aðasjúkdöma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagið án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ófærni fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmi er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

DAVID HASSELHOFF FÆDDIST
PENNAN DAG ÁRIÐ 1952.

„Það eru mörg dauðvona
börn úti í heimi, með þá ósk
heitasta á dánarbedinu að
fá að hitta mig.“

David Hasselhoff var stjarna Baywatch
þáttanna og hefur einnig átt feril í tón-
listarbransanum og var sérstaklega
vinsæll í Þýskalandi. Nú stendur yfir
herferð á internetinu til að koma lagi
hans „Looking for Freedom“ á topp
vinsældalista í Bretlandi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Árni Kolbeinsson
hæstaréttardómari er
59 ára.

Ögmundur Jónasson
er 58 ára.



ÚTFARIR

13.00 **Stefán Jónsson**, bókbindari
frá Kringlu í Miðdölum,
verður jarðsungiinn frá
Háteigskirkju.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
550 5000.

ÞETTA GERÐIST 17. JÚLÍ 1918

Nikulás keisari og fjölskylda drepin

Pennan dag árið 1918 voru Nikulás II Rússlandskeisari og fjölskylda hans drepin af bolsévikum í rússnesku byltingunni. Keisarahjónin áttu fimm börn, en lík tveggja þeirra hafa ekki fundist.

Á meðan átök fyrri heimsstyrjaldarinnar gengu yfir jókst órói í rússneskum stjórn- og efnahagsmálum. Mikið var um kröfugöngur og uppþot, en í kjölfar Febrúarbyltingarinnar neyddist Nikulás II til að láta af embætti. Bróðir hans neitaði að taka við krúnunni og því lauk þrjátíu ára valdaskeiði Romanov-ættarinnar.

Bráðabirgðastjórn Rússlands hélt Nikulási, Alexöndru konu hans og börnunum fimm fönngum í Alexandershöll nálægt Sankti-Pétursborg. Til að vernda þau frekar voru þau flutt til Tobolsk í Síberíu í ágúst 1917. Þar voru þau fram

að Októberbyltingunni, þegar bolsévikar náðu völdum í landinu. Bolsévikarnir fluttu þau til Yekaterinburg, en þann 17. júlí fyrir 88 árum hurfu þau. Stuttu seinna lýstu bolsévikar því yfir að Nikulás hefði verið skotin. Seinna kom í ljós að öll fjölskyldan hafði verið tekin af lífi og lík þeirra brennd.

Með DNA-rannsókn á líkunum á tíunda áratugnum tókst að sýna fram á að líklega væru þau jarðneskar leifar keisarafjölskyldunnar. Nikulás, Alexandra og börn þeirra, Olga, Tatiana og Maria komu öll í leitirnar, en lík Alexei og Anastasiu fundust ekki. Lengi höfðu verið orðrómar um að Anastasia hefði sloppið frá bolsévikunum og væri enn á lífi. Margar konur héldu því fram að þær væru keisaradóttirir, en það fékkst þó aldrei sannað.



MERKISATBURÐIR

- 1203 Konstantínópel hertekin í fjórðu krossferðinni og keisarinn flýr í útlegð.
- 1936 Uppreisn hersins gegn nýrri ríkisstjórn vinstrimanna á Spáni markar upphaf borgarastyrjaldarinnar.
- 1945 Þrír helstu leiðtogar Bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni hittast á Potsdam-ráðstefnunni.
- 1976 Indónesía innlimar Austur-Tímor og gerir landið að sínu 27. héraði.
- 1994 Brasília vinnur sinn fjórða heimsmeistaratítul í knattspyrnu með sigri á Ítalíu í vítaspyrnukeppni á HM í Bandaríkjunum.
- 1998 Flóðbylgja í kjölfar neðan-sjávarjarðskjálfta eyðileggur tíu þorp í Papúu Nýju-Gíneu. 1.500 farast og fjöldi manns missir heimili sín.



FRAMKVÆMDARÁÐ L.UNG.A Frá vinstri: Lís Leifsdóttir, Sigríður Eir Zophoníasardóttir, Guðmundur Jónsson og Ívar Pétur Kjartansson. Framkvæmdaráði hátíðarinnar er að miklu leyti að þakka hversu umfangsmikil hún er í ár. Á myndina vantar Björt Sigfinnsdóttur og Hrefnu Bóel Sigurðardóttur.

LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKIS Á AUSTURLANDI: HEFST Í DAG

Stærri en nokkru sinni fyrr

Í dag hefst Listahátíð ungs fólks Austurlandi, eða L.UNG.A eins og hún er skammtöfuoð. Hátíðin fer fram á Seyðisfirði og byggist upp á listasmiðjum sem ungu fólki standa til boða og endar með risatónleikum laugardagskvöldið 22. júlí. Hátíðin hefur verið haldin árlega allt frá árinu 2000 og ekkert er til sparað í ár til að hafa hana sem glæsilegasta.

„Hugmyndin kviknaði fyrst hérna heima í eldhúsinu hjá mér,“ segir Aðalheiður Borgþórsdóttir, framkvæmdastjóri hátíðarinnar. „Ég á unglínga á þessum aldri og dóttir mín hefur verið með mér í þessu frá upphafi. Ungt fólk vantaði eitthvað að gera, það var bara svo einfalt. Ég starfa sem ferða- og menningamálafulltrúi fyrir Seyðisfjörð og mig vantaði eitthvað til að láða fólk að. Við suðum svo þessa hátíð saman og mikið af ungu fólki tók þátt í hugmyndaþvinnunni. Svo þróaðist þetta út í þessa hátíð.“

„Áhuginn hefur verið mikill og margir af þeim krökkum sem hafa tekið þátt í listasmiðjunum hafa endað í listnámi í kjölfarið,“ segir Aðalheiður, en hún leiðir hóp ungs fólks sem situr í framkvæmdaráði hátíðarinnar. „Ég hef leitað að krökkum sem eru virkir og hafa áhuga á að sitja í framkvæmdaráði. Það hefur skilað sér í hátíðinni, því þetta eru gríðarlega góðir krakkar sem koma að þessu.“

„Í fyrra fengum við um 2.000 manns á viðburðinn, þá helst á tónleikana á laugardeginum. Í ár verða stór og góð bönd á tónleikunum og það hefur vakið mikla athygli. Biggi í Maus kemur og kynnir sólóverkefnið sitt í fyrsta skipti á Íslandi. Þeir eru þarna þrír úr Maus, allir með sitt bandið hver, Palli með Fræ og Danni með Sometime. Maus hefur fjölfaldast í þrjár hljómsveitir,“ segir Aðalheiður og hlær. Aðrar hljómsveitir sem spila á hátíðinni eru Jeff

Who?, Ampop, Ghostigital, Benny Crespo's Gang, Miri, The Foreign Monkeys og Tony the Pony. Todmobile heldur svo ball í lok kvöldsins. Tónleikarnir eru haldnir í félagsheimilinu, en þar er gríðarlega góð aðstaða til tónleikahalds, að sögn Aðalheiðar. Á föstu-deginum munu verða tónleikar með minna þekktum hljómsveitum sem tilkomin eru vegna mikillar aðsóknar í að fá að taka þátt í hátíðinni.

Boðið verður upp á margs konar listasmiðjur þar sem ungmenni frá Austfjörðum og annars staðar frá geta lært hinar ýmsu listgreinar. „Fyrstu árin voru þetta um tuttugu manns í listasmiðjunum, en það er komið upp í um hundrað núna sem er algjört met. Við bjóðum meðal annars upp á „stomp“-smiðju, en henni stýra trommararnir Addi úr Ensími og Dr. Spock og Bjössí úr Mínus. Þar er verið að búa til takt og hljóð með hinum og þessum

leiðum. Birgir „Curver“ Thoroddsen er svo með hljóðsmiðju þar sem hljóðheimurinn er kannaður frá A til Ö. Svo er fatahönnunarsmiðja, gömlum fötum verður breytt og ný búin til úr þeim. Bandarísk gospelsöngkona mun kenna gospelsöng og Víkingur Kristjánsson kennir leiklist. Svo mun fólk sem lært hefur hjá Circus Circör kenna í sirkussmiðjunni okkar. Að lokum mun afrakstri allra smiðjanna vera skellt saman í stóra sýningu á laugardeginum með viðfangsefninu „götumenn-ing“,“ segir Aðalheiður. „Krakkar koma hédan og þaðan af í þessar smiðjur. Áður voru það bara krakkar af Seyðisfirði, en dæmið hefur algjörlega snúist við. Þau sækja víðs vegar að af landinu og frá öðrum löndum til að taka þátt í hátíðinni.“

Hátíðin stendur frá 17. til 23. júlí og hægt er að sjá alla dagskrána á vefnum www.lunga.is. steindor@frettabladid.is



FRÁ HÁTÍÐINI Í FYRRA „Stomp“ hópurinn sprellaði við komu Norrænu til Seyðisfjarðar á hátíðinni í fyrra. Ragnar Kjartansson listamaður var þar fremstur í flokki.

Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Fróðleikur af gardur.is


Kvennaskólastjóri, fyrst kvenna alþingismaður:

Ingibjörg H. Bjarnason

Ingibjörg H. Bjarnason var fædd á Þingeyri við Dýrafjörð 14. des. 1867, dóttir Hákonar Bjarnasonar kpm. á Bildudal og k.h. Jóhönnu Kr. Þorleifsd. Lauk prófi frá Kvennask. 1882; svo 2 ár við nám hjá Þóru Pétursd. bps og frh.nám í Khöfn 1884–5, 1886–93 við nám og störf, m.a. fyrst kvenna t.a. taka próf í leikfiminámi; kynnti sér skólahald í Þýskal. og Sviss 1901–3. Kenndi margar greinar við Kvennask. og Barnask. í Rvík 1893–1901 og Kvennask. 1903–6. Forstöðukona skólans 1906–dd., tók upp þarfar nýjungar. Afburðakennari, ströng, full umhyggju, aðsópsmikil, frið kona og virðuleg. 1. heiðursfél. Nemendasamb. skólans. Tók þátt í starfi Thorvaldsensfél., Lestrarfél. kvenna, H. ísl. kvenfél., frumkvöðull að stofnun Heimilis-iðnaðarfél. Meðal leiðandi kvenna, er þær fengu kosningarétt til Alp. 1915. Hafði forgöngu um söfnun fjár til stofnunar landspítala, form. landspítala-sjóðsnefndar 1915–dd. Áttu ísl. konur heiðurinn af því að hann tók til starfa. Fyrst kvenna kjörin á Alþingi 1922, fulltrúi kvennalista, landskj. alpm. 1922–30; tók sæti í lhaldsfll., síðar Sjálfstfl. Beitti sér fyrir landspítalamáli, bættu fátækralöggjöf, réttarbotum kvenna o.fl. 2. varafors. E.d. 1925–27. Róttækustu tillögur hennar voru þó felldar. Átti sæti í menntamálaráði 1928–34 m.m. Lézt 30. okt. 1941. Arfleiddi skólann að flestum eignum sínum. Hún var óg. og bl.

Meira um hana á gardur.is

Hugst er að setja inn arvidnig lítinna íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.





4.664 KR. Á MÁNUÐI TIL 5. OKTÓBER*

SUMARTILBOÐ

STÖÐ 2 BÍÐ FYLGIR FRÍTT MEÐ!

* MIÐAÐ VIÐ EINGREIÐSLU



515 6100 | STOD2.IS
SKÍFAN | OG VODAFONE



!

Kl. 10.00
Brúðubillinn sýnir leikþáttinn Týnda eggid í Fífuseli og aftur í Skerjafirði við Reykjavíkurveg kl. 14. Frábær fjölskylduskemmtun með fallegum boðskap.

menning

menning@frettabladid.is



HELENA JÓNSDÓTTIR, DANSARI OG DANSHÖFUNDUR Vinnur að nýrri dansmynd í Svíþjóð ásamt þekktum listamönnum frá heimalandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ný dansmynd unnin í Svíþjóð

Dansarinn og danshöfundurinn Helena Jónsdóttir er á leið til Svíþjóðar að vinna að dansverki fyrir sjónvarp í samstarfi við vel þekhta listamenn þar í landi.

Helena hefur unnið að fjölda dansverka en flest þeirra hefur hún skrifað sjálf og leikstýrt, hvort sem það fyrir sjónvarp, tónlistarmyndbönd eða svið. Verkefnið í Svíþjóð vinnur hún ásamt þremur Svíum sem allir eru vel þekktir á sínu sviði í heimalandinu. Leikarinn Lars Bethke leikur aðalhlutverkið í dansverkinu, rithöfundurinn Irena Kraus skrifar handritið og Helena sér um leikstjórn og danshönnun. Að sögn Helenu mun hópurinn vinna ásamt tókuliði að kynningarefni myndarinnar í



DANSMYNDIN ANOTHER SEM TEKIN VAR UPP Í FANGELSIÐU TARTU Í EISTLANDI „Verkið snýst um sambönd og spurninguna um að taka ábyrgð á eigin frelsi.“

Stokkhólmi en tókur á myndinni sjálfri, sem verður 16 mínútur að lengd, hefjast í haust. „Það er gífurlega spennandi að vinna með þessu fólki enda er um mikla listamenn að ræða. Leikarinn sem um ræðir hefur leikið í fjölda mynda í heimalandi sínu og Irena Kraus skrifað fjölda leikrita fyrir útvarp, en hún er hvað þekktust fyrir að vinna sem hægri hönd Mats Eek, sem er einn þekktasti danshöfundur Svía.“ Á síðasta ári vann Helena að dansverkinu Another með eistneska sjónvarpinu en það var tekið upp í fangelsinu Tartu. „Fangelsið var opnað árið 2002 og geymir 800 fanga en það sem veitti mér innblástur að hluta er sú staðreynd að síðan fangelsið opnaði hafa fjögur náin samband myndast milli fanga og fangavarda. Þrátt fyrir rammgirta steinsteypa veggi og einangrun, snýst verkið um sambönd, raunverulegar tilfinningar og spurninguna um að taka ábyrgð á okkar eigin frelsi.“ Fyrir utan eistneska sjónvarpið hefur dansverkið Another einnig verið sýnt víða annars staðar, svo sem í norska, sænska, danska og þýska ríkissjónvarpinu, auk þess sem sjónvarpstöðin Arte kaus verkið sem bestu dansmyndina árið 2005. „Another hefur hlotið góðar viðtökur en í Svíþjóð fékk hún 200 þúsund manna áhorf þrátt fyrir að hún var ekki auglýst sérstaklega. Leikarinn í myndinni sem er eistneskur, heitir Mait Malmsten en hann er eins og Ingvar Sigurðsson okkar Íslendinga, sem ég ber mikla virðingu fyrir.“

- brb

Ekki missa af...

leikritinu **Penetreitor** eftir Anthony Neilson sem leikfélagið **Vér morðingjar** sýnir í Sjóminjasafninu að Grandagörðum 8. Leikstjóri er **Kristín Eysteinsdóttir**.

myndlistarsýningu **Snorra Ásmundssonar** í Jónasi Viðari gallerí Kaupvangsstræti 12 á Akureyri.

sumarsýningu **Listasafns ASÍ** sem helguð er **vatnslitamálerverkum**. Á sýningunni eru verk eftir Hafstein Austmann, Eirík Smith, Kristínu Porkelsdóttur og Daða Guðbjörnsson auk vatnslitaverka eftir Svavar Guðnason.

LUNGA

Á Seyðisfirði
17. – 23. júlí 2006

Listasmiðjur, opunarhátíð, alþjóðlegt piknikk, stuttmyndaveisla, hönnunarsýning, uppskeruhátíð, RISAtónlistarveisla og Todmobile ball.
Sjá www.lunga.is

Footloose

14. júlí - uppselt
15. júlí - laus sæti
20. júlí - uppselt
21. júlí - laus sæti
27 júlí - laus sæti

Méðalsalan er í síma 568 8000
www.borgarteleikhus.is
www.minnstikur.is/footloose

MR SKALLA GRIMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi

Föstudag	14. júlí kl. 20	uppselt
Laugardag	15. júlí kl. 20	uppselt
Sunnudag	16. júlí kl. 15	aukasýning
Sunnudag	16. júlí kl. 20	örfá sæti
Föstudag	21. júlí kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí kl. 20	laus sæti

LEIKHÚSTILBOÐ
Tviréttaður matur, miði og fritt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

SETTU ÞAÐ SAMAN

Kr. 282.316.-
CLASSIK HVID/KL

3 sýningarsalir:
Smáralind,
Akureyri og Selfoss

AEG
HEIMILISTÆKI Á TILBOÐSVERÐI ÞEGAR KEYPTAR ERU „SETTU ÞAÐ SAMAN“ INNRETTINGAR

FALLEGT, VANDAÐ, ÓDÝRT OG TIL Á LAGER – NÚNA

ORMSSON

Kr. 228.390.-
SOFT HVID/KF

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 | RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 | SMÁRALIND · Sími 530 2906 / 530 2907 / 530 2908

allt tíska

Alla fimmtudaga



FLOTTUR Í HLUTVERKINU Ingvar E. Sigurðsson hefur elst um nokkur ár í hlutverki Erlends rannsóknarlögreglumanns og héra syngur hann með lögreglukórnum í síðustu tókunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON



LEIKSTJÓRINN Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Baltasar Kormákur er hér í góðum félagskap Rafnhildar Rósu Atladóttur við tókur á Mýrinni.

Mýrin að verða tilbúin

Sú mynd sem flestir Íslendingar bíða eftir með mikilli óþreyju er Mýrin en hún er byggð á samnefndri met-sölubók Arnaldar Indriðasonar. Fréttablaðið birtir hér fyrstu svipmyndirnar úr kvikmyndinni sem skartar Ingvari E. Sigurðssyni í hlutverki Erlends rannsóknarlögreglumanns.

Morð er framið í Norðurmýrinni og Erlendur er kallaður til að rannsaka málið. Við hlið lífsins er mynd af líttilli stúlku og við nánari eftirgrennsln kemur í ljós að málið teygir sig aftur í tímann. Erlendur þarf því að beita öllu sínu hyggjuviti til að ráða fram úr því auk þess sem mannshvarf úr

brúðkaupi vekur upp vondar minningar.

Baltasar Kormákur, leikstjóri myndarinnar, var mjög ánægður með hvernig tókurnar gengu fyrir sig. „Þær gengu frábærlega og myndin er að taka á sig mjög spennandi mynd,“ segir hann en nú er verið að klippa hana á Hofsi þar sem kvikmyndagerðar-fólkið getur athafnað sig í friði og ró. Þá er Mugison á fullu við að semja tónlistina fyrir myndina en hann gerði einnig tónlistina fyrir síðustu mynd Baltasars, A Little Trip to Heaven, og fékk frábæra dóma fyrir.

„Ég var mjög trúr bókinni en gætti þess einnig að vera mjög trúr kvikmyndaforminu þannig að þetta er ekki „staf fyrir staf“ eftir bókinni,“ útskýrir Baltasar sem er hvergi banginn þótt flestir Íslendingar þekki efnið.



SKUGGALEGT Mýrin fjallar um morð á rosknum manni og þarf Erlendur að beita öllum tiltækum ráðum við að upplýsa það.



SIGURÐUR ÓLI Björn Hlynur Haraldsson gerði góða hluti í Strákunum okkar og birtist hér íslenskum kvikmyndagestum sem Sigurður Óli, aðstoðarmaður Erlends.



STIRÐ SAMSKIPTI Samband Erlends við dóttur sína Evu Lind er í molum og hann á í erfiðleikum með að sætta sig við hvernig komið er fyrir henni.



KOM Í STAÐINN FYRIR ELVU ÓSK Ólafía Hrönn Jónsdóttir hljóp í skarðið fyrir Elvu Ósk sem Elínborg en hún heldur Erlendi svo sannarlega við efnið.



FORTÍÐ OG NÚTÍÐ Málið í Norðurmýrinni tengist fortíðinni og miklum fjölskylduharmleik. Hér er Guðmunda Elíasdóttir í hlutverki sínu.

Með rétta dótið handa þér!

Höfum gott úrval af farangursboxum, toppgrindarbogum og öðrum vörum á frábæru verði.

15% sumarafsláttur
Verð kr. 67.660



X8 15" - 4 stk.

Borbet álfelgur - 2006 lína

Wheel Wax álfelgubón
Ver álfelgur gegn tæringu.



Verð kr. 1.990

Einangruð kaffikrús með 12v hitara



Verð kr. 1.299

Gott úrval farangurs-boxa



Verð frá kr. 34.990



KILLER LINE bassakeila frá SPIN LINE

Gerðu frábær kaup á SPIN LINE!

300 w með boxi kr. 11.499

400 w með boxi kr. 13.499

500 w með boxi kr. 16.699

600 w með boxi kr. 19.899



Bakkskynjarakerfi í alla tegundir bíla.
SPIN LINE kerfi með stafrænum skjá.

Verð kr. 11.990



Verð kr. 39.995

DVD kerfi frá SCOTT í ferðalagið - hvar sem er - hvenær sem er!



Verslun & Varahlutir

Grjóthálsi 1 • Sími: 575-1240 • www.bl.is



Hér er verslunin!



ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga
fólksins er enn að vaxa.



Nýtt í bíó

**FRÁ HÖFUNDI
BRING IT ON**

ÖVENTASTA,
KYNPOKKAFYLLSTA
OG SKEMMTILEGASTA
GRINMYND ARSINS!

Jeff Bridges
stick it
Winny and Conquer.

Frá leikstjóra Big Daddy og Happy Gilmore kemur sumarsmellurinn í ár!

3 fullorðnir ættu að geta unnið hrottana í hverfinu... eða hvað?

THE BENCHWARMERS

Sprengilegleg grínmynd með Íslandsvininum
Rob Schneider og Devo Bigelow
og John Heder úr Napoleon Dynamite!

CLICK

Er þú ættr fyrstirngi sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni... eða gera eitthvað annað.

ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN Í GAMANMYND ARSINS

LANDASTETTA

50.000 MANNS

DA VINCI CODE

BYGGÐ Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

8 HJÓL, 1 FJÓLSKYLDA, ENGAR BREMSUR.

ROBIN WILLIAMS
RV

51.000 MANNS

**THE FAST & THE FURIOUS
TOKYO DRIFT**

BANDITS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

STICK IT	kl. 5.40, 8 og 10.20
CLICK SÝND	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
SÝND Í LÖXUS	kl. 5.30, 8 og 10.30
THE BENCHWARMERS	kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
R.V.	kl. 3.50
RAUDHETTA M.ÍSL. TALÍ	kl. 3.50
ÍSÖLD 2 M.ÍSL. TALÍ	kl. 3.50

REGNBÖGINN Sími 551 9000

STICK IT	kl. 5.40, 8 og 10.20
THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með ríðu!

Borgarbíó Sími 462 3500

BANDITS	kl. 6 og 8 B.L. 10 ÁRA
THE BENCHWARMERS	kl. 6 og 8 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 10 B.L. 10 ÁRA
THE FAST & THE FURIOUS	kl. 10 B.L. 12 ÁRA

Dolby Digital SDDS New Atmos New Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS **BÍÓ**

• bara lúxus



SEE NO EVIL

ALLS EKKO FYRIR VIEKVEMA

SVAKALEGASTA HROLLVEKJA ÁRSINS

ATTA FÖRARNALÖMB
EINN GEDSJÚKUR FJÖLDAMÖRÐINGI
HVER MUN LIFA NÓTTINA AF

Sýnd kl. 6, 8 og 10 **k.l. 16**



**THE FAST...
THE FURIOUS:
TOKYO
DRIFT**



hvað ef þú gettir
fjarstýringu...
...sem gæti stýrt
lífi þínu?

ADAM SANDLER

CLICK

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15 **k.l. 12**

www.laugarasbio.is

RAUÐHETTA Sýnd kl. 4 **k.l. 10**

Hætta ekki áður en þau koma til Íslands

Kanadíska hljómsveitin Islands spilar á næstu Iceland Airwaves hátíð en fyrstu plötu sveitarinnar, Return to the Sea, hefur verið hampað af mörgum gagnrýnendum sem ein besta popplata ársins. Steinþór Helgi Arnsteinsson spjallaði við nokkra meðlimi Islands.

Hljómssveitin Islands á sér nokkuð stutta sögu en hún var stofnuð upp úr rústum hljómssveitarinnar The Unicorns sem lagði upp laupana með nokkrum hvelli árið 2004. Tveir meðlimir Unicorns, þeir Nick Diamonds og J'aimé Tambour, tóku sig þá saman, stofnuðu Islands og í byrjun árs 2006 kom frumburður sveitarinnar út, Return to the Sea, en hún var að öllu leyti byggð upp á lögum sem Nick hafði samið. Ekki leið hins vegar á löngu áður en að J'aimé hafði sagt skilið við sveitina og nýr trommuleikari tekið við en alls skipa sveitina sjö manns og er nýasta viðbótin kærasta Nicks, sem spilar á fiðlu og syngur bakraddir.

Eyjur, ekki eyjurnar
Hljómsveitin var stödd í Münster í tilefni af tónleikaferðalagi hennar um Evrópu þegar ég hitti meðlimi hennar. Við bílastæði tónleikastaðarins Gleis 22 settist ég niður með Nick Diamonds, nýja trommuleikaranum, Aaron Harris, og Patrick Gregoire, sem hefur það skemmtilega hlutverk að spila á bassaklarinet. Fyrst lá mér forvitni á að vita af hverju hljómsveitin setti ekki „The“ fyrir framan nafnið á sveit-

inni eins og allar aðrar sveitir í dag. „Af því að þetta eru eyjur ekki eyjurnar. Þetta er einungis falleg sjónræn myndlíking um okkur manneskjurnar,“ útskýrir Nick sjálfur.

Þrátt fyrir að Íslands sé tiltölulega ný hljómsveit þá hefur henni frá fyrsta degi verið líkt við The Unicorn, jafnvel þó að aðeins 1/7 af Íslands hafi verið í þeirri hljómsveit. „Stundum líkar mér vel við samanburðinn, leynilega, en yfirleitt fer hann bara í pírrurnar á mér,“ segir Nick.

Flottir í hvítu

Hljómsevntín hefur þá sérstöðu þegar hún spilar á tónleikum að klæðast hvítu. Aaron segir þó að það sé góð ástæða fyrir því. „Það er fint fyrir hljómsevntín að líta vel út á sviðinu. Þá sjá áhorfendur líka sveitina sem hóp en ekki sem einhverja ótengda einstaklinga. Fólk man einnig eftir slíku.“ Tónleikar virðast þannig skipta miklu máli fyrir meðlimi Íslands enda hefur hún verið á tónleikaferðalagi upp á nær hvern einasta dag síðasta hálfa árið. Ein af ástæðum fyrir upplausn The Unicorns var einmitt mikið tónleikaferðalag og nú þegar hefur einn meðlimur Íslands hætt af sömu ástæðu, að er virðist. Er Nick því ekkert hræddur um að Íslands hljóti sömu örlög og Unicorns? „Ég hugsa að ég sé bara svona heimskur, ég festist alltaf í sama farinu og virðist ekki læra neitt af mistökunum. Tónleikaferðalög eru erfið og ég ætla ekki að ljúga að þér en það hafa verið ýmsar upptakomur. Við höfum slegist, bæði andlega og líkamlega. Á endanum stöndum við samt alltaf saman í gegnum súrt og sætt.“

Islands er að langmestum hluta skipuð Kanadabúum en hljóm-

svейtir frá Kanada hafa einmitt verið áberandi undanfaran tvö til þrjú ár. Má í því sambandi til dæmis nefna hljómsveitir á borð við Arcade Fire, Wolf Parade, Broken Social Scene, The New Pornographers og fleiri. „Á ákveðnum fresti verða alltaf ákveðnar borgir mjög vinsælar og hljómsveitir frá þeirri borg fá meiri athygli og Kanada er ekkert annað en borg í augum Bandaríkjamanna,“ útskýrir Aaron.

Langar að vinna með Cobain

Nick er síðan fljótur að svara því hver sé helsti styrkleiki hljómsveitarinnar. „Bassaklarinettið,“ segir Nick mjög einlægt. „Og ég! Bassaklarinettið og ég. Síðan er hægrí trommuhöndin á Aaron alveg mögnuð,“ bætir Nick brosandi við.

Þrátt fyrir að sveitin sé nýlega búin að senda frá sér plötu má búast við nýrri plötu strax snemma á næsta ári. Í nýlegu viðtali gaf Nick það út að hann vildi að Jeff Lynne, meðlimur ELO, myndi sjá um upptöktstjórn á nýju plötunni en núna hefur hann aðrar hugmyndir. „Ég skipti um skoðun í síðustu viku. Núna væri ég alveg til í að fá Phil Spector og Suge Knight væri líka alveg töff. Mest af öllu vil ég samt fá Kurt Cobain, ég væri alveg tilbúinn að borga honum milljón dollara fyrir.“

Vilja gera myndband á Íslandi

Eftir nokkurn tíma næ ég þó að draga piltana úr dagdraumum þeirra og spyr þá út í væntanlega heimsök þeirra til Íslands, sem þeir eru allir afar spenntir yfir. Þeir höfðu reyndar ekki heyrt um Bláa lónið en þegar ég segi þeim að Lisa „Left Eye“ Lopes og Mel C hafi tekið upp myndband þar

A photograph of a young man with long, dark hair, wearing a white t-shirt and a necklace with several dark beads. He is playing a black electric guitar and singing into a microphone. The entire image is heavily saturated with a red light, giving it a monochromatic, high-contrast appearance. The background is dark and indistinct.

ISLANDS Nick Diamonds og félagar spila á Airwaves-hátíðinni í október.

ákveða þeir á staðnum að þeir
þurfi að gera slíkt hið sama.

Áður en Íslands koma til Íslands er hins vegar margt framundan, tugir tónleika og mikil ferðalög. Í ljósi sögunnar, þá hlýtur maður samt að spyrja sig þeirrar spurningar hvort hljómsveitin verði

ekki hætt áður en hún nær til Íslands. „Ekki kannski alveg hætt en ég verð vonandi hættur í sveitinni og verð orðinn að konu,” svarar Aaron. „Nei, nei, við verðum lekkert hætt. Hljómsveitin verður einungis orðin virkilega þétt,” bætir Nick við ákveðið.

Beint í 29. sætið

Nylonflokkurinn hefur innrás sína á breska markaðinn með látum. Fyrsta smáskífa stúlkanna, Losing a Friend, kom út fyrir viku og stökk beint í 29. sæti breska sölulistsins. Samkvæmt upplýsingum frá Einari Bárðarsyni tekur sá listi mið af seldum eintökum í verslunum og seldu niðurhali.

Í tilkynningu frá Nylonstúlkunum segir að salan hafi farið fram úr björtustu vonum. Þær hafi vissulega gert sér vonir um að komast inn á topp 40 en árangurinn hafi engu að síður komið nokkuð á óvart. Meðal listamanna sem Nylon skaut fer fyrir rass á listanum voru Red Hot Chili Pepp-



NYLON
Gera það gott í Bretlandi með fyrstu smáskífunni sinni, *Losing a Friend*.

ers, Richard Ashcroft og Sean Paul. Búist er við því að næsta smáskífa Nylon komi út í haust og fyrsta breiðskífa þeirra í október.

Snædís spennt fyrir Robbie

Erlendir fjölmiðlar halda áfram að fjalla um samband Snædísar Guðnadóttur og söngvarans Robbie Williams. Fréttablaðið greindi frá sambandi þeirra í síðustu viku, en þau kynntust þegar Robbie hélt tónleika í Kaupmannahöfn fyrir skemmstu. Snædís er búsett þar og fjölluðu danskir fjölmiðlar talsvert um þau skötuhiúin. Um helgina sagði breska blaðið People frá kynnum þeirra.

„Það sem var á milli mín og Robbie verður á milli okkar, rétt eins og það á að



vera. Það sem gerist á milli manns og konu er einkamál," sagði Snædís í viðtali við blaðið Heimildarmenn People. Hún haldar því fram að Snædís búið fastlega við því að sambandi þeirra sé ekki lokið: „Hún vill ekki segja mikíð um þetta kvöld en hún víðurkennir þó að hún búið við því að Robbie komi aftur," hefur People eftir vini Snædísar.

ROBBIE WILLIAMS
Greinilega spenntur
fyrir Snæðísi Guðna-
dóttur.



SNÆDÍS GUÐNADÓTTIR Segir samband sitt
og Robbie Williams einkamál.



Ísland vann Noreg

Íslenska U21 árs landsliðs kvenna vann stóllur sínar frá Noregi í fyrsta leik sínum á Norðurlandamótinu í gær. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk fyrir Ísland og Greta Mjöll Samúelsdóttir eitt. Ísland mætir Bandaríkjunum á morgun og Dönum á fimmtudaginn.



SIGURÐUR JÓNSSON ÞJÁLFARI GRINDAVÍKUR: ER ENN AÐ SPILA OG GEFUR EKKERT EFTIR

Ég er bestur þegar hitinn er mikill

Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, verður fertugur í næsta mánuði en þrátt fyrir það er þessi fyrrverandi landsliðsmaður enn í fullu fjöri. Sigurður spilaði síðari hálfleikinn með U23 ára liði Grindavíkur um daginn gegn FH og samkvæmt heimildarmanni Fréttablaðsins sem var á leiknum var Sigurður yfirburðamaður á vellinum á meðan hann spilaði. Annar heimildarmaður blaðsins sagði að Sigurður gæti vel spilað í úrvalsdeildinni ef hann æfði eftir því. „Við vorum í miklum vandræðum vegna þess að 2. flokkurinn var að spila. Við vorum fáir og þess vegna spilaði ég



síðari hálfleikinn. Þetta var svolítið erfitt af því að ég tók ekki upphitun en þetta var allt í góðu undir lokin. Ég spilaði að sjálfsögðu í framlínunni og ætlaði að skora eitt mark en var aðallega í því að leggja upp. Það var gaman að þessu. Það var kalt og ég nennti ekki að horfa á þetta af hiðarlínunni og skelti mér því inn á,“ sagði Sigurður í gær. „Mounir Ahandour tekur 4-5 vikur í að jafna sig af tognum, Óli Stefán Flóventsson er kinnbeinsbrotinn, Paul McShane fékk ljótan skurð á ökklað eftir tæklingu en hann fór í myndatöku á

föstudaginn og það er óvíst hversu lengi hann verður frá. David Hannah hefur verið í vandræðum en er á réttri leið eftir að hafa tognað. Eyþór Atli Einarsson er einnig frá og er líklega með slitinn vöðva auk þess sem nokkir strákar sem hafa verið viðriðnir aðalliðið eru meiddir,“ sagði Sigurður. „Ég leik mér stundum með á æfingum, ég nenni ekki að vera með þegar það er leiðindaveður en þegar það er hiti og gott veður þá er ég oftast með. Ég er þokkalegur í bakinu í hitanum og þá er ég bestur,“ sagði Sigurður sem er enn aðeins 82 kíló og í frábæru formi. „Það er gott veður hérna í Grindavík núna og ég er á leiðinni á æfingu, ætli maður verði ekki með þar,“ sagði Sigurður Jónsson að lokum við Fréttablaðið í gær.

> Örn setti Íslandsmet

Sundkappinn Örn Arnarson úr Sundfélagi Hafnarfjarðar setti í gær nýtt Íslandsmet. Hann var að keppa í 100 metra flugsundi á opna meistaramótinu í Slóveníu og bar þar sigur úr býtum. Hann synti á 53,93 sekúndum og náði að bæta eigið Íslandsmet um 18/100 úr sekúndu en gamla metið var frá því í mars. Á laugardaginn sigraði Örn í 50 metra flugsundi á þessu móti í Slóveníu og setti þá einnig nýtt Íslandsmet. Nánar má lesa um árangur Arnar á mótinu á vefsíðunni www.sh.is.



Valsmenn stöðvuðu FH

Valur stöðvaði í gær sigurgöngu FH í Landsbankadeild karla í sumar þegar félagið vann 2-1 sigur í leik liðanna í gær. FH hafði unnið alla tíu leiki sína í deildinni í sumar þar til sprækir Hlíðarendapiltar komu í heimsókn í Kaplakrikann.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH töpuðu sínum fyrsta deildarleik í sumar þegar Valsmenn gerðu góða ferð í Kaplakrikann í gær og unnu 2-1 sigur. Fram að fyrsta markinu var leikurinn lítil skemmtun og líklega stór hluti af þeim 2.600 áhorfendum sem á leiknum voru þökkðu fyrir að ókeypis aðgangur hafði verið á leikinn. Þótt FH hafi tapað leiknum í gær er liðið samt sem áður í mjög góðum málum í deildinni. Fyrri hálfleikurinn var mjög rólegur, Valsmenn byrjuðu þó ögn betur en eftir því sem á hálfleikinn leið komust heimamenn betur inn í leikinn. Ari Freyr Skúlason átti ágætis rispu fyrir Valsmenn áður en fyrsta færi FH-inga leit dagsins ljós. Þá átti Hermann Albertsson góða fyrirgjöf en Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, sem var einn á auðum sjó, náði ekki til knattarins. Hinn ungi Matthías Vilhjálmsson kom sér tvicegis í mjög gott færi í fyrri hálfleiknum en í bæði skiptin náði Kjartan Sturluson að verja með naumindum.

Matthías Guðmundsson sýndi ágæt tilþrif þegar um stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleik en Daði Lárusson varði skot hans í horn. Hermann Albertsson átti finan leik í vinstri bakverðinum hjá FH-liðinu og átti hann hörkuskot af löngu færi skömmu síðar en hitti ekki rammann. Þegar seinni hálfleikur var hálfnaður kom svo lok mark en þá átti Pálmi Rafn Pálmason sendingu á Garðar Gunnlaugsson. Vörn FH-inga var ekki með á nóttunum og Garðar endurtók leikinn frá því í Evrópuleiknum um daginn og skoraði með skalla.

Það vantaði bit í sóknarleik heimamanna í gær og var eina ógnunin í Matthíasi sem skallaði rétt fram hjá eftir góðan undirbúning varamannsins Allans Dyr-



SKOTIÐ AÐ MARKI Davíð Þór Viðarsson reynir hér metnaðarfulla skottílaun að marki Valsmanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

ing. En það var síðan Ari Freyr Skúlason sem skoraði annað mark Valsmanna með stórglæsilegu skoti eftir að Guðmundur Benediktsson renndi boltanum á hann úr aukaspyrnu og kórónaði þar með góðan leik sinn. Bakvörðurinn Guðmundur Sævarsson minnkaði muninn í 2-1 eftir klafs en það var Dyring sem sendi á hann. Það mark kom of seint og Valsmenn hrósuðu góðum sigri. Valur spilaði skynsamlega í gær og liðið gaf fá færi á sér. Valsmenn voru kannski ekki mjög ógnandi stærstan hluta leiksins en eftir fyrsta markið kom talsvert líf í þá og sigurinn var verðskuldaður. FH var án Tryggva Guðmundssonar sem var í leikbanni í gær og var hans sárt saknað við þótt lið eins og FH eigi að ráða við þannig missi. Það verður þó að horfa til þess að nánast ekkert lið hefur verið jafnóheppið með meisdli eins og Íslandsmeistar-

arnir og fór Tommy Nielsen til að mynda meiddur af velli í gær. „Það var mjög sætt að sjá boltann liggja í netinu. Við fengum mikið sjálfstraust eftir að hafa spilað vel í síðari hálfleiknum gegn Brøndby og eftir þennan sigur er það komið í botn. Þetta var frábær sigur og það gerist ekki betra en þetta,“ sagði kampakátur Ari Freyr Skúlason við Sýn eftir leikinn. Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, hafði þetta að segja eftir leikinn: „Þetta var jafn leikur og þetta datt þeim megin að þessu sinni, svona er þetta stundum og það er ekkert við því að segja. Við gerðum okkur grein fyrir því að við myndum ekki fara í gegnum mótið án þess að tapa stigum, nú er fyrsta tapið komið og eigum við ekki að segja að við töpum ekki fleirum,“ sagði Ólafur glaðbeittur, en líklega ósáttur með tap sinna manna. elvar@frettabladid.is



GÖMLU STÖRVELDIN Úr fyrri leik liðanna í sumar sem KR vann 2-1. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsbankadeild karla: KR - ÍA í kvöld

FÓTBOLTI Skagamenn geta lyft sér upp úr botnsæti Landsbankadeildar karla í kvöld þegar þeir heim-sækja KR en leikurinn hefst klukkan 20.00. Þetta er tuttugasti deildarleikur félaganna á KR-velli en fyrsti leikur félaganna í Vesturbænum fór fram 21. maí 1985 og lauk með 1-1 jafntefli. KR hefur sigrað í 11 leikjum gegn ÍA á KR-velli, ÍA hefur sigrað þrisvar en fimm leikjum hefur lokið með jafntefli. Markatalan er 29-18 KR í hag. Þegar liðin mættust á KR-vellinum í fyrra unnu Skagamenn 2-0 sigur með mörkum frá Hafþóri Ægi Vilhjálmssyni og Igor Pesic en sá síðarnefndi skoraði frá miðju. - egm



ERNIR OG ÓSKAR Takast hér í hendur á blaðamannafundi þegar sá fyrrnefndi gekk í raðir Vals.FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Handboltalið Vals: Komið með fullskipað lið

HANDBOLTI Valsmenn verða með mjög sterkan hóp í DHL-deild karla á næsta tímabili en Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari liðsins, sagði Við Fréttablaðið í gær að hópurinn sé nánast full mannaður. Sigurður Eggertsson hafði hug á að reyna fyrir sér í atvinnu-mennskunni en af því verður ekki en hann er enn að jafna sig í hnénu eftir uppskurð. Auk þess að fá Markús Mána Michaelsson og Erni Hrafn Arnarson halda Valsmenn öllum sínum bestu mönnum en Baldvin Þorsteinsson verður einnig áfram þrátt fyrir að hann sé enn að jafna sig eftir að hafa fengið einkernings-sótt. Óskar Bjarni á von á Baldvin á fulla ferð aftur undir lok septembermánaðar. „Við höfum auk þess aldrei farið leynt með áhuga okkar á Arnóri Gunnarssyni, vonandi gengur það í gegn og ef svo fer erum við komnir með einn breiðasta og besta hóp deildarinnar,“ sagði Óskar en Arnór mun líklega yfirgefa Þór á Akureyri. Hann hefur sjálfur list yfir áhuga á að fara í Val en hann er á leið í skóla í Reykjavík í haust. - hph

Útsala á Ítalíu: Flykkjast þeir til Englands?

FÓTBOLTI Talið er að stórliðin á Englandi renni hýru auga til leikmanna liða sem voru viðriðin Ítalíu-hneykslið en leikmenn Juventus, Lazio, Fiorentina og AC Milan eru líklegir til að yfirgefa lið sín. Þó gæti verið að AC Milan haldi sínum mönnum enda hélt félagið sæti sínu í deildinni þrátt fyrir að fimmtán stig hefðu verið tekin af því og félagið hefði misst sæti sitt í Meistaradeildinni.

Hér fyrir neðan má sjá töflu sem BBC útbjó en samkvæmt heimildum hins breska miðils eru þetta óskalistar stórliðanna á Eng-landi. - hph

FRÁ ÍTALÍU TIL ENGLANDS?	
Chelsea:	Alessandro Nesta (AC Milan), Fabio Cannavaro, Pavel Nedved, Gianluca Zambrotta (allir í Juventus)
Manchester United:	Patrick Vieira, Pavel Nedved (báðir í Juventus), Gennaro Gattuso (AC Milan), Luca Toni (Fiorentina)
Liverpool:	Mauro Camoranesi, David Trezeguet (báðir í Juventus)
Arsenal:	Gianluca Buffon, Lilian Thuram, Patrick Vieira, David Trezeguet (allir í Juventus), Filippo Inzaghi (AC Milan)
Tottenham:	Lilian Thuram, Pavel Nedved (Báðir í Juventus), Filippo Inzaghi (AC Milan)

Sjáðu



Sjáðu flotta hönnun Frumskýning C1

Komdu í Brimborg. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën að Bíldshöfða 8.

Komdu í kaffi og kleinur

**Sóltíloð gildir
aðeins til 4. ágúst n.k.**

Sniðugir Frakkarnir

Þegar tveir bílar mætast fara þeir hvor í sína átt. Ólíkt því þegar Toyota mætti Citroën. Tveir stórir bílaframleiðendur tóku mál hvor af öðrum og fannst sniðugt að nýta þann mun sem er á þeim og hanna saman mætan bíl. Samvirknin gaf af sér risasmáa tvíbura: Citroën C1 og Aygo frá Toyota. Nú er mál að skipta. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 - í nýjum sýningarsal Brimborgar, Bíldshöfða 8. Sniðugir Frakkarnir. Eigðu franskan tvíbura: 3 eða 5 dyra.

Veldu Citroën. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú nýjan bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



■ Citroën C1 SX 1,0i
3 dyra 5 gíra 68 hð*
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án sóltíloðs 1.395.000 kr.
Sóltíloð 1.355.000 kr.

Skoðaðu úrval risasmárra Frakka: C1, C2 og C3



■ Citroën C1 SX 1,0i
5 dyra 5 gíra 68 hð*
Bílasamningur 16.866 kr.
Rekstrarleiga 27.500 kr.
Verð án sóltíloðs 1.435.000 kr.
Sóltíloð 1.395.000 kr.



■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gíra 125 hð*
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Verð án sóltíloðs 1.849.000 kr.
Sóltíloð 1.749.000 kr.



■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gíra 75 hð*
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án sóltíloðs 1.629.000 kr.
Sóltíloð 1.599.000 kr.

sóltíloð

Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.citroen.is



Sóltíloð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.

Sumarið er
í Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„Looks like I picked the wrong week to quit amphetamines.“

Svar: Steve McCroskey úr kvikmyndinni Airplane! árið 1980.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: VALGEIR RAGNARSSON FYLLIR UPP Í TÓMARÚMIÐ

Frakklandshjólreiðarnar merkilega spennandi

Eftir að heimsmeistaramótinu lauk myndaðist óhjákvæmilega tómarúm á þeim tíma sem áður var heilgaður undir fótboltaáhorf. Undanfarna daga hef ég leitað leiða til þess að fylla upp í þetta tómarúm. Eftir að hafa læst Digital Ísland afruglarann á Sýn í heilan mánuð ákvað ég að athuga hvort erlendu stöðvarnar hefðu ekki upp á eittvað spennandi að bjóða. Víti menn, gömlu góðu Frakklandshjólreiðarnar (Tour de France) eru auðvitað á sínum stað í júlí. Jafnvel þó svo að ég hafi ekki snefil af áhuga á hjólreiðum þá er eitthvað við þessa keppni sem gripur mig. Ég á erfitt með að átta mig nákvæmlega á því hvað það er sem mér finnst spennandi við að horfa á hormjóa hjólreiðamenn í skræpóttum galla hjóla linnulaust allan daginn um götur Frakklands. Hlutirnir gerast frekar hæg, tilfinningahita er stílt í hóf og lítið er um æsileg tilpríf sem verðskulda endursýningar. Kannski er ástæðan sú að árið 1996 var ég staddur í Tívoli í Kaupmannahöfn þegar nýkrýndur meistari þess árs, Daninn Bjarne Riis var hylltur sem



TOUR DE FRANCE Hlutirnir gerast hæg en örugglega í Tour de France.

þjóðhetja fyrir framan mörg þúsund manns. Ég var þá óharðnaður unglingur og drakk í mig dýrðarljóma Frakklandshjólreiðanna. Keppnin í ár er áhugaverð fyrir þær sakir að í fyrsta skipti í mörg ár getur allt gerst því Lance Armstrong hefur loksins lagt hjálminn á hilluna. Munurinn á keppendum virðist ekki vera mikill og enginn hjólreiðamaður sker sig áberandi frá hinum – það er enginn Dijbril Cissé í Frakklandshjólreiðunum. Þrátt fyrir að þessi lykilatriði sem gera aðrar íþróttir spennandi vanti alveg í Frakklandshjólreiðarnar, þá stend ég mig að því kvöld eftir kvöld að skoða helstu viðburði dagsins í Frakklandshjólreiðunum. Eurosport má alveg eiga það að stöðin greinir frábærlega frá gangi mála. Bílar elta keppendur og þýrlur sem sveima yfir götunum senda glæsilegar myndir frá frönsku Ölpunum og fallegum smábæjum beint heim í stofu. Með þessari framsetningu tekst sjónvarpsmönnum að gefa keppninni einhvern óútskýranlegan sjarna.



CRIMINAL MINDS

► 22.25
Nýtt



GREY'S ANATOMY

► 20.05
Drama



SMALLVILLE

► 21.50
Ævintýri



SOUTH BEACH

► 21.30
Lokaþáttur



PENINGARNIR OKKAR

► 19.40
Fjármál

SJÓNVARPIÐ

16.40 Helgarsportið 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (10:26) 18.06 Búi! (22:26) 18.16 Lubbi læknir (20:52)

18.30 Vistaskipti (8:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.05 Kóngur um stund (6:12) Textað á síðu 888 í Textavarpi. 20.40 Svona var það (4:22) (That 70's Show) 21.00 Bavíarar við Sambesi (The Zambezi Troop) Heimildamynd um ungan bavi- ana við Sambesiffljót í Simbabve og lífsbaráttu hans. 22.00 Tiúfréttir ► 22.25 Glæpahneigið (1:22) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sersveit lög- reglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpa- manna.

23.10 Út og suður 23.35 Kastljós 0.05 Dag- skrárlök

6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Grey's Anatomy 12.00 Há- degisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Oliver Beene 13.55 Spartacus 15.20 You Are What You Eat 16.00 Skrímslaspiðið 16.20 Ginger segir frá 16.45 Smá skritnir foreldrar 17.10 Froskafjör 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Svinasúpan (1:8) (e) ► 20.05 Grey's Anatomy (36:36) Seinni hluti lokaþáttar seríunnar. Tími uppgjöra er upp runninn, uppgjöra á milli George og Callie og ekki síst á milli Dereks og Meredith. 20.50 Related (4:18) (Systrabönd) 21.35 Huff (6:13) Hank Azaria leikur Dr. Craig Huffstodt, geðlækni sem jafnan er kallaður Huff. Hann er farsæll geð- læknir en á þó við sín geðrænu vandamál að stríða. Bönnuð börnum. 22.30 Endurkoman Mögnuð japönsk bardaga- og hasarmynd í anda hinna einu sönnu Hong Kong hasarmynda. Str. b. börnum.

0.25 Medium (Bönnuð börnum) 1.05 NCIS (1:24) 1.50 Punch-Drunk Love (Bönnuð börnum) 3.25 Highway (Str. bönnuð börn- um) 5.00 Simpsons 5.20 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television (e) 20.00 Friends (16:17) 20.30 Jake in Progress (9:13) (Harpy Birt- hday) 21.00 Falcon Beach (7:27) (Wake Jam) Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfrí- inu sínu, enda snýst allt þar um sum- ar og frelsi. ► 21.50 Smallville (10:22) (Fanatic) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Small- ville. Í Smallville býr unglingurinn Cl- ark Kent. 22.40 Killer Instinct (7:13) (e) (Game Over) Bönnuð börnum.

23.30 Stacked (5:13) (e) 23.55 My Name is Earl (e) 0.20 Rescue Me (5:13) (e) 1.05 Weeds (5:10) (e) 1.35 Friends (16:17) (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.50 Everybody Hates Chris (e) 16.20 One Tree Hill (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

19.00 Beverly Hills 90210 19.45 Melrose Place 20.30 The O.C. Cohen, Cooper og Nichol- fjölskyldurnar eru í forgrunni ásamt Ryan Atwood, upprennandi vand- ræðagemlingi, sem villist inn í þenn- an heim og breytir lífi íbúa í Orange County svo um munar. ► 21.30 South Beach – tvöfaldur lokaþáttur Æskuvinina Matt og Vince dreymir um bjartari framtíð og þeir flytja frá Brooklyn til sólrikra stranda í South Beach, þar sem ríka fólkið leikur sér. Matt er að elta gömlu kærustuna sína, fyrirsætuna Arielle, en Vince er til í að gera hvað sem er til að komast áfram í lífinu.

23.00 C.S.I. 23.55 Jay Leno 0.40 C.S.I.: New York (e) 1.30 Beverly Hills 90210 (e) 2.15 Melrose Place (e) 3.00 Óstöðvandi tónlist

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Elizabeth Hurley 14.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 15.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 16.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 17.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Women Of Sex and The City 21.00 Sexiest Red Carpet Divas 22.00 Dr. 90210 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Women Of Sex and The City

NFS

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisd – fréttaviðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 Sfréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ísland í dag ► 19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.

20.00 Fréttayfirlit 20.20 Brot úr fréttavakt 21.00 Fréttir 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfs- son hefur verið með vinsæl innsög á Fréttavaktinni undanfarna mánuði. Þátturinn er endursýndur á sama tíma á föstudagskvöldum á eftir kvöldfrétt- um.

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur- sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán

kr. 24.893 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

Nú fáanlegur með 1500dci díselvél

Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, sólíluga.



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnu eða hæstur einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum. Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Glæpahneigð

Sjónvarpið kl. 22.25

Rýnt í glæpamenn

Nú verður sýndur fyrsti þátturinn í þessari bandarísku þáttaröð sem var gríðarlega vinsæl vestan hafs í fyrra. Sérsveit lögreglumanna hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Foringi sérsvaitarinnar er Jason Donovan, harður nagli sem engu að síður þarf að kljást við skugga fortíðarinnar. Með honum starfa Aaron Hotchner, sem er dæmigerður FBI-maður, Spencer Reid, sem er misskilinn snillingur, og Derek Morgan sem er sérfræðingur í þráhyggjuglæpum. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson og Lola Gladini.

► 19.45

Landsbankad.

KR – ÍA

16.15 Landsbankadeildin 2006 18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

18.30 Gillette Sportpakinn Íþróttir í lofti, láði og legi.

19.00 Veitt með vinum (Laxá í Kjós) Ný þáttaröð þar sem rennt er fyrir fisk í ám og vötnum landsins.

► 19.45 Landsbankadeildin 2006 (KR – ÍA) Bein útsending frá leik í Landsbankadeildinni í knattspyrnu.

22.00 History of Football (Knattspyrnusagan) Magnaður myndaflokkur um vinsælustu íþrótt í heimi, knattspyrnu. Í þessum þætti er fjallað um yfirburði Brasiliumanna en engin þjóð hefur sigrað jafn oft á HM. Þrátt fyrir glæstan árangur glíma Brasilumenn við ýmis vandamál heima fyrir en ofbeldi og kynþáttahatur eru því miður staðreynd á leikjum þar í landi.

23.00 4 4 2 0.00 Landsbankadeildin 2006

RÁS 1

FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.20

Hádegisfréttir 13.00 Sakamálaaleikritið 13.15 Á sumarvegi 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegis-tónar 15.03 Fimm þúsund mínútur í Kænugarði 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarvegi 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Tónlistarhornið 23.00 Á slóðum Mozarts 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2

FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 0.30 Spegillinn

BYLGJAN

FM 98,9

7.00 Ísland í bitið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

1. flokks upplifun

Verð frá kr. 2.790 þús.

Eyðsla aðeins 9,1 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri

Nýr Grand Vitara

Nýr Grand Vitara er alvöru jeppi af réttri stærð fyrir nútíma fólk sem gerir miklar kröfur um hagkvæman rekstur, aksturseiginleika og öryggi. Undir glæsilegri yfirbyggingu leynist sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif með háu og lágu sídrifi með læsingu á milli fram- og afturhjóla. Það skiptir ekki máli hvort þú ert í borgarumferðinni, eða uppi á fjöllum, hagkvæmni og einstakir aksturseiginleikar Grand Vitara gera aksturinn ánægjulegan.

25 ÁR Á ÍSLANDI

1981 - 2006

SUZUKI

...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00. www.suzukibilar.is

NÝR GRAND VITARA



HRÓSIÐ FÆR

...Sturla Jenssen fyrir að opna veitingastað í Hafnarfirði sem ber það skemmtilega nafn, Badabing.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

LÁRÉTT

2 gáski 6 persónufornafn 8 horfa á 9 sefa 11 mannþvaga 12 varkárni 14 losti 16 halló 17 drulla 18 pota 20 lík 21 kvenflik.

LÓÐRÉTT

1 titill 3 í röð 4 rýmun 5 loka 7 kræsingar 10 regla 13 geislahjúpur 15 mannvíg 16 undanhald 19 skammstöfun.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 ærsi, 8 sjá, 9 ró, 11 ós, 12 aðgæ, 14 gímd, 16 hæ, 17 au, 18 óta, 20 á, 22 þis. LÓÐRÉTT: 1 séra, 3 rs, 4 sjóttun, 5 lás, 7 dop, 16 dráp, 15 ára, 13 ága, 10 æga, 6 al.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vínningstölur laugardaginn 15.7.2006

7 16 24 29 33

Bónustala 38

Jóker 3 9 5 7 5

Jókertölur vikunnar

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vínningstölur miðvikudaginn 12.7.2006

Aðaltölur 2 4 21 44 46 48

Bónustölur Ofurtala 16 40 48

Jókertölur vikunnar 5 5 7 3 2

Birt með höfðinu um prentavillur

allt matur

Alla föstudaga

Syngur dúett með Ellý Vilhjálms

Stórsöngvarinn Ragnar Bjarnason færði Einari Kristni Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra eintak af nýju plötunni sinni, Vel sjóaður, sem kom út á þriðjudaginn var. Á disknum er að finna fjórtán sjómanna-lög. „Við ákváðum að gefa út sjómannadisk til að minnst íslenskrar sjómannastéttar. Tímabilið sem við áttum allt okkar undir gömlu bátunum er að líða undir lok og okkur datt í hug að það væri gaman að minnst þess með því að gefa út ekta sjómanna-plötu,“ segir Raggi. „Við stóðum á öxlunum á sjómönnum um árabil og því vert að minnst þeirra.“ Þótt Raggi hafi ekki sjálfur verið á sjó fékk hann smjörþefinn

af sjómennskunni í kringum síldarævin-týrin. „Þá áttaði ég mig á því hversu mikilvægur fiskurinn var okkur.“

Raggi segist einu sinni hafa hitt gamlan sjómann sem spurði hvort hann væri ekki Raggi Bjarna.

„Ég játti því og þá sagðist maðurinn vera kominn með leið á mér. Ég spurði af hverju og þá sagði hann

mér að hann hafi einu sinni staðið úti á dekki og verið að gera

að í vitlausu veðri um hávetur. Slorið var út um allt og það var

gamall hátalari festur við mastrið,“ segir Raggi hlæjandi þegar hann rifjar upp söguna. „Sjó-



SÖNGVARINN OG SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Raggi Bjarna afhenti Einari K. Guðfinnssyni eintak af disknum Vel sjóaður. Á disknum eru samankomnir margir af bestu söngvurum landsins.

maðurinn sagði lagið mitt Ship og hój hafa verið spilað og ég hafi sungið það eins og það væri ekkert mál að vera úti á sjó.“ Á Vel sjóaður syngur Raggi dúett með Þorvaldi Halldórssyni, Helenu Ólafsdóttur og Ellý Vilhjálms. „Við fengum leyfi til að taka sönginn hennar Ellý-ar út af lagi sem heitir Sumarauki en er betur þekkt sem Gullfoss með glæstum brag. Þannig gátum við tekið upp dúettinn okkar,“ útskýrir Raggi. „Það var ótrúlegt augnablik þegar ég heyrði útkomuna.“

- kh

ELLY VILHJÁLMS Syngur dúett með Ragga Bjarna á nýja disknum.



GÓÐAR SÁLIR Strákarnir nota sumarfríð sitt til að láta gott af sér leiða og safna peningum fyrir Spes-samtökin. Í leiðinni kynna þeir sjálfa sig sem listamenn en Gísli skrifar ljóð og ætlar að gefa út ljóðabók í haust en Guðjón Heiðar og Dagbjartur eru í hljómsveitinni Palindrome.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GÍSLI, GUÐJÓN OG DAGBJARTUR: SAFNA FÉ MEÐ NÝSTÁRLEGUM HÆTTI

Hjóla hringinn til styrktar börnum í Afríku

Þrír félagar halda á þriðjudag í hringferð í kringum landið á reiðhjólum. Tilgangur ferðarinnar er að vekja athygli á Spes-samtökunum sem styrkja foreldralaus börn í Afríkuríkinu Tógó. Strákarnir, sem heita Gísli Hvanndal Ólafsson, Guðjón Heiðar Valgarðsson og Dagbjartur Ingvarsson, ætla að safna fé fyrir samtökin með ljóðalestri og angurværri roktónlist en planið er að halda skemmtanir víðsvegar um landið. Ókeypis verður inn á uppákomurnar en gestir eru í staðinn hvattir til þess að láta fé af hendi rakna í söfnunarbauk sem verður með í för.

„Ég hef hjólað mest af okkur en þó ekki farið í lengri ferðir en dagsferðir. Líkamlegt form félaga minna er ekki upp á marga fiska en annar þeirra er með áreynsluastma sem lýsir sér þannig að þegar hann hjólar þá fær hann mikinn verk í lungun og byrjar að hósta en hann verður bara með þúst með sér,“ segir Gísli sem hefur fulla trú á því að þeir nái að klára hringinn á þremur vikum en þeir ætla að ljúka ferðinni um verslunarmannahelgina.

Strákarnir ætla að hjóla 50-150 kílómetra á dag og taka þeir tjald

með sér en ef veðrið verður þeim ekki hagstætt munu þeir leita húsaskjól.

„Við viljum hvetja fólk til þess að kynna sér starfsemi félagsins á heimasíðunni spes.is og gerast styrktarforeldrar. Peningarnar sem við söfnum renna beint til félagsins en alltof fáir vita af þessum samtökum.“ Strákarnir fara suðurleiðina og ætla að vera á Höfn þann 24. júlí, á Kárahnjúkum 28. júlí, á Akureyri 31. júlí og á Blönduósi 3. ágúst svo fáeinir áfangastaðir séu taldir upp.

snaefridur@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nordisk Panorama hefur tilkynnt hvaða myndir verða sýndar á hátíðinni í Árósum dagana 22. til 27. september. Þjár íslenskar myndir verða meðal þátttakenda og eru það heimildarmyndin Act Normal eftir Ólaf Jóhannesson og stuttmyndirnar Whatever eftir Gísli Darra Halldórsson og Untitled Short Film eftir Lars Emil Árnason.

Íslenskar konur ættu að fara láta sig hlakka til 18. ágúst en þá koma sjö dansarar frá Chippendales-flokknum og halda sýningu á Broadway. Flokkurinn hefur verið að í 25 ár og er einhver sá allra frægasti í „erótískum listdansi karla“.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er reiknað með að í kringum þúsund miðar verði í boði fyrir kroppaðar konur en lofa má rosalegri upplifun þetta kvöld því dansararnir verða á sviðinu í rúma tvo

tíma og ætti kvenþjóðin að fá nóg fyrir sinn pening.

Patti Smith er væntanleg aftur til landsins í september eftir vel heppnaða tónleika hér á landi fyrr á þessu ári. Smith hreifst mjög af landi og þjóð þegar hún var hér og var meira en lítið tilbúin að koma aftur. Tónleikar Smith verða væntanlega órafmagnaðir og því er þetta einstakt tækifæri fyrir aðdáendur hennar að sjá öll helstu lög stökum ingi.



- fgg

Pólsk matargerð vinsæl í Hafnarfirði

Pólska matvöruverslunin Stokrotka hefur fært út kvíarnar og opnað matsölustað undir sama nafni. Matsölustaðurinn er til húsa að Hvaleyrarbraut 35 í Hafnarfirði, þar sem verslunin var áður, en hún er flutt í stærra húsnæði að Reykjavíkurvegi 64.

„Við byrjuðum að bjóða upp á pólskan mat í febrúar eða mars. Í upphafi vorum við með þrjú borð fyrir viðskiptavinum en síðan varð þetta svo vinsælt að við urðum að flytja búðina,“ segir María Valgeirsson, eigandi Stokrotka. „Nú geta fimmtán manns í einu komið að borða.“

Á matsölustaðnum býður María upp á hefðbundna pólska matargerð, þar á meðal steiktur svínakótilettur í raspi, kjötbollur fylltar með sveppum, lauk og papriku,

skyrpönnukökur og hálfmána með ávaxta- eða kjötfyllingu. Dýrasti aðalrétturinn er frá 600 krónum en eftirréttirnir eru á um 200 krónum.

María segir Íslendinga jafnt sem útlendinga koma til að borða á Stokrotka. „Íslendingar vilja góðan en ódýran mat sem er svolítið öðruvísi en þessi íslenski. Síðan kemur hingað fólk frá Þýskalandi, Tékklandi, Slóvakíu, Júgóslavíu og svo mætti lengi telja en pólska eldhúsið er mjög líkt þeirra.“

Að sögn Maríu er Stokrotka nafn á litlu villiblómi, líku baldursbrá, bara örlítið minna. „Matsölustaðurinn heitir Stokrotka eldhús en ég ætla að reyna að finna eitthvað betra nafn fyrir Íslendingana,“ segir María pólska.


- kh



MARÍA VALGEIRSSON Hún hefur fært út kvíarnar og opnað matsölustað samhliða matvöruversluninni. Með nýju húsnæði verða breyttar áherslur og mun María einnig bjóða upp á pólska gjafavöru samhliða pólsku matvörunum.

Á
hvað ert
þú að hlusta?

Dirty Slutty Hooker Money forhlustun!



Kemur
í verslanir
20. júlí!

Forhlustun á fyrstu plötu Dr. Mister & Mr. Handsome á Tónlist.is alla vikuna!

Dirty Slutty Hooker Money er frumburður einnar ferskustu hljómsveitar sem komið hefur fram á sjónarsvið íslenska tónlistarmarkaðarins í mörg ár, Dr. Mister & Mr. Handsome.

Lögin, Kokaloca, Is it Love? og Boogie Woogie Sensation hafa öll fengið gríðarlega mikla útvarpsspilun en þau eru öll á þessari frábæru plötu sem inniheldur 13 lög.

Hlustaðu frítt!



TONLIST.IS

Dirty Slutty
Hooker Money

Dr. Mister &
Mr. Handsome

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR
PRÁINS BERTELSSONAR

Sviti og blóð

Stærsta vandamál sem steðjar nú að íslensku þjóðinni er sú linkind sem almenningi hefur verið sýnd mörg undanfarin ár. Í því sambandi má benda á þá fáránlegu ákvörðun að Íbúðalána-sjóður skyldi gera auralausu fólki kleift að eignast húsnæði. Meðan bankarnir voru í ríkiseigu gátu stjórnámálamenn komið í veg fyrir aðgengi almennings að peningum, enda er það ljóst að peningar í höndum þeirra sem kunna ekki með þá að fara eru eins og hnífar og skæri í höndum óvita.

ÍSLENSKIR athafnamenn sem eru í rauninni gangandi líknarfélög ákváðu fyrir nokkru að fara að dæmi víkinganna, forfeðra sinna, og láta takmarkaðar eigur íslensks almennings í friði að en gera þess í stað svonefnda útrás. Því miður hafa ýktar fréttir af hinu erlenda herfangi leitt til þenslu í íslensku efnahagslífi. Fólk veltir sér upp úr svimandi háum lágmarkslaunum, og fyrir nauðaðmerkileg störf eins og barnagæslu og aðhlynningu aldræðra eru goldnar þvífíkar fjárfúlgur að Seðlabanki Íslands hefur ekki undan við að prenta peninga og hefur sett sér það takmark að ná stýrivöxtum upp í 16 prósent að fyrirmynd hinnar virtu fjármálastofnunar, Seðlabankans í Simbabwe.

PETTA kann vitaskuld ekki góðri lukku að stýra og því ber að fagna að ríkisstjórnin hefur látið þau boð út ganga að nýkjörnum sveitarstjórnnum sé bannað að efna léttúðug kosningaloforð og að draga skuli úr íbúðalánum til að lækna auralaust fólk af þeirri þráhyggju að vilja eignast húsnæði. Sem betur er nokkuð síðan forystumenn ASÍ öðluðust skilning á því að launahækkarnir þjóna engum tilgangi öðrum en að leiða til verðhækkana sem aftur leiða til langra og leiðinlegra samningafunda og hafa því losað aðildarfólk sambandsins úr vítahring launahækkana.

ÓPARFI er að kvíða því efnahagshruni sem fylgir því að almenningur hafi peninga handa á milli. Ríkisstjórnin hefur innréttad afdrep fyrir sparnaðarsérfræðing sinn Alfreð Þorsteinsson á efstu hæð Blóðbankans sem sérstakt tákni um að héðan í frá muni hvorki dropi af svita né blóði almennings fara til spillis.

NISSAN X-TRAIL

SPARAÐU HALFA MILLJÓN

KOMDU OG REYNSLUAKTU
TAKMARKAÐ MAGN!



SUMARTILBOÐ NISSAN

Borgaðu minna fyrir meiri lúxus!

Vegna góðs stuðnings frá Nissan getum við nú í takmörkuðu magni boðið enn þá betra verð á Nissan X-Trail. Nissan X-Trail hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar og þú einfaldlega finnur ekki betri kaup í dag á jeppa í sama stærðarflokki.

Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, 4x4, litad gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sólluga.

„Best“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport
Verð aðeins **2.990.000 kr.**

Verð áður ~~3.490.000 kr.~~

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Akranesi 431 1376	Akureyri 461 2960	Höfn í Hornafirði 478 1990	Njardvík 421 8808	Reyðarfirði 474 1453
-------------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	-------------------	----------------------

FANGAÐU AUGNABLIKIÐ ... með **OLYMPUS**

OLYMPUS mju720SW Tilvalin í útivistina!

Einstök hönnun · Stál hús · Þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð · Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi · BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun mynda og að taka myndir án flass í lítilli birtu. 7.1 milljón pixlar 2.5" LCD skjár · 3 x optikal aðdráttur (38-114mm) · 24 tókustillingar Verð kr. 36.900

Frábær myndavél!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | SJÁ NÁNAR: www.ormsson.is

OLYMPUS
FÆST EINNIG Í:
★ **FRÍHÖFNinni**
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
★ **ÁRVIRKJANUM**
Eyranægi 32, Reykjavík, s. 480 1160
★ **PIXLAR**
Suðurlandsb 52, Reykjavík, s. 588 3700
★ **GEISLA**
Flötum 29, Vestmannaeyjum, s. 481 3333
★ **MODEL**
Stílhóli 16-18, Akranesi, s. 431 3333
★ **BÓKAVERSLUN ÞÓRARIS**
Garðsbraut 9, Húsavík, s. 464 1234